



This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

- + *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
- + *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
- + *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
- + *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at <http://books.google.com/>



ICE 2 D SAGA 77

BJARNAR SAGA

HÍTDÆLAKAPPA.

BÚIÐ HEFIR TIL PRENTUNAR
VALD. ÁSMUNDARSON.



12 30 1898 11

REYKJAVÍK.
KOSTNAÐARMAÐUR: *SIGURÐUR KRISTJÁNSSON.*
1898.

Félagsprentsmiðjan.

FORMÁLI.

Bjarnar saga Hítðælakappa hefir verið gefin út tvisvar áðr. Í fyrra skiftið í 4. bindi af Nordiske Oldskrifter af Halldóri Fririkssyni, enn í síðara skiftið af dr. R. C. Boer, Halle 1893.

Hún er ekki til nema í pappírshandritum frá 17. og 18. öld, og að eins 2 blöð á skinni, úr skinnbók, sem talið er að hafi verið skrifuð á 14. öld, enn er fyrir löngu glötuð.

Handrit það sem útgáfa Boers er aðallega gefin út eftir, er 551 í 4to í safni Árna Magnússonar. Er dálítill munur á því og hdr. því sem Halldór Friðriksson hefir fylgt í sinni útgáfu, sem er nr. 488 í 4to í sama safni. Handrit þessi eru þó ekki komin beint af skinnbók þeirri sem skinnblöðin eru úr, sem enn eru til af sögunni.

Sagan hefir verið til í annari frásögn í Óláfs sögu Haraldssonar á skinnbók, sem Árni Magnússon hafði undir höndum að láni, var frá Bæ á Rauðasandi og kölluð Bæjarbók. Þessi bók segja sumir að hafi brunnið í brunanum mikla 1728, þegar mikill hlutr brann af safni Árna Magnússonar, enn líklegra er, að bókin hafi týnt úr safninu og komizt á flæking, því á þessari öld fundust 4 blöð úr henni úti á Jótlandi, og fylgdu þeim þau munnmæli, að þau hefði fundizt á götu í Kaupmannahöfn eftir brunann 1795. Þessi blöð eru nú komin í safn Árna Magnússonar. Eftir afskrift af þessari skinnbók er

upphaf sögunnar, eins og hún er nú, fram í 5. kapitula að orðunum: *Þann vetr fór Björn til hirðar Eiríks jarls* (á bla. 18. í þessari útgáfu), því á þeim orðum hefst handritið 551, en upphafið vantar. Það handrit fékk Árni Magnússon frá Dormóði Torfasyni, og vantaði þá á það eins og nú.

Upphaf sögunnar, eins og það er nú, bendir ljóslega á, að það er tekið úr annari sögu: „*Nú skal segja nökk-ut af þeim íslenskum mönnum, sem uppi váru um daga Óláfs konungs Haraldssonar*“; það er ólíkt því sem aðrar sögur byrja. Upphaf hinnar eiginlegu Bjarnar sögu Hítðælakappa er ekki til nú, og í annan stað vantar í söguna kafla á eftir 14. kap. (bls. 37. í þessari útgáfu); hefir vantað þar blað í skinnbókina og vantar þar vist í einn eða fleiri kapitula um brottför Bjarnar frá Hítarnesi, kvonfang hans, og ef til vill eitthvað um skærur þeira Þórðar, „því miklar (langar) frásagnir eru frá skiftum þeira“, segir í Óláfs sögu helga.

Bjarnar saga Hítðælakappa er ein meðal hinna merkari af Íslendingasögum. Hún er snemma í letr færð, á síðasta fjórðungi tólftu aldar, eða ekki síðar enn í byrjun þrettándu aldar. Aldr sögunnar má ráða af því, að í 19. kap. er vitnað til Rúnólfs Dálkssonar: „*Svá sagði Rúnólfr Dálksson*“, enn sá Rúnólfr Dálksson, sem hér mun átt við, var prestur á Vesturlandi og dó 1186.

Aðalmenn sögunnar eru mjög merkir menn, bæði Björn Hítðælakappi og Þórðr Kolbeinsson. Björn Hítðælakappi var Arngeirsson, Bersa sonar goðlauss landnámsmanns, enn amma Bjarnar var Sæunn skalla-Grimsdóttir. Björn var kappi mikill og skáld, og vel mentr; var hirðmaðr Óláfs konungs helga og hafði verið með Knúti ríka og Valdimari Garðakonungi. Þórðr Kolbeinsson var með beztu skáldum og hirðmaðr Eiríks jarls Hákonarsonar. Hann orti drápur bæði um Eirík jarl og Óláf helga, og drápu um Gunnlaug ormtungu, sem ein vísa er til af

(í Gunnlaugs sögu), enda var Þórðr „vel virðr af meira háttar mönnum sakir mentanar sinnar“. Sonr hans var Arnórr jarlaskáld, og er hans eitt sinn við getið í þessari sögu (28. kap.).

Frásögnin um vist Bjarnar Hítðælakappa í Garðá-riki og einvigi hans við kappa þann er vildi berjast þar til ríkis, mun ekki þykja sannsöguleg. Enn nú vill svo vel til, að í rússnesku fornriti, Nestors kroníku, er segir frá sama tímabili og saga Bjarnar gerist á, stendr frásögn, sem að nokkuru leyti kemur heim við frásögnina í Bjarnar sögu Hítðælakappa. Elzti sonr Svjatolavs konungs í Kiew hét Jaropolk, og tók hann við ríki í Kiew eftir föður sinn; annar sonr hans, Oleg, varð annarsstaðar höfðingi eftir dauða föður síns og hinn þriðji Wladimir (Valdimarr) réði fyrir Nowgorod (Görðum). Hann var ambáttarsonr. Þeir bræðr lentu í ófriði og vildi Jaropolk ná ríkinu. Hann vann sigr á Oleg; lagði hann á flóta og féll, enn Wladimir flýði til Norðrlanda. Eftir nokkur ár kom hann aftr og hafði þá Væringja (Norðrlandamenn) í liði með sér; rak á brott úr Nowgorod jarl Jaropolks, og settist þar að ríki. Síðan barðist hann við Jaropolk og drap hann með svikum.

Það eru mestu líkur til, að Wladimir þessi sé Valdimarr sá sem B. s. H. getr um og Jaropolk = Kaldimarr, enn það nafn er tilbúningr í stað hins upphaflega nafns, sem hefir gleymzt.

Þess er getið í B. s. H. (19. kap.), að Grettir hafi verið með Birni sinn vetr og hafzt við í Grettisbæli (í Fagraskógafalli). „*Þeir lögbust ofan eftir ánni ok váru kallaðir jafnsterkir menn*“. Hin sama frásögn er í Grettis sögu, og er þar sagt miklu meira af viðskiftum þeira Bjarnar, enn hún er yngri enn Bjarnar saga, og getr Grettis saga hennar: „*Vísar svá til í sögu Bjarnar, at þeir kallaðist jafnir at íþróttum*“. Þetta bendir

VI

á að Björn Hitdælakappi hafi þótt einhver hinn mesti afreksmaðr.

Tímabilið í sögunni er hér að mestu tekið eftir tíma-
tali Guðbrands Vigfússonar. Þar er þess að gæta, að
söguritarinn hefir farið feðga vilt á þeim Þorsteini og
Skúla á Borg. Það má telja vist, að Björn hefir alizt
upp með Þorsteini Egilssyni á Borg, frænda sínum, og
hafa þeir Skúli alizt upp saman. Alt það sem sagt er
um Skúla í upphafi sögunnar á því við Þorstein. Sam-
kvæmt því á líka fregnin um „andlát Skúla“ í 7. kap
að vera um dauða Þorsteins. Orðin: „*enn líf föður þíns
ok fóstura*“ heldr Guðbr. Vigf. að geti litið til Skúla, sem
hafi verið fóstbróðir Bjarnar. Enn það er óvist að svo
sé, því að síðar (í 10. kap.) er talað um fóstura hans er
gaf honum hundinn, og að þeir *Arngeirr ór Hólmi*, þ. e.
faðir hans og fóstri(?), færi til skips að hitta hann.

Það sem sagt er í sögunni um Kolla Þórðarson getr
ekki komið fyllilega heim við það, að Þorkell Eyjólfsson
átti hlut að eftirmálunum eftir Björn Hitdælakappa. Því
þegar útkoma Bjarnar er látin vera um 1019, sem varla
mun fjarri lagi, þá hefir Björn ekki lifað nema 4—5 ár
eftir heimkomu sína, því Þorkell Eyjólfsson druknaði
1026. Synir Þórðar hafa því verið of ungir til að vera
í atföer að Birni. Enn eigi að síðr getr það staðizt, að
Björn hafi ort vísuna um Kolla, og eru meiri líkur til að
vísan sé eftir hann heldr enn Björn Breiðvíkingakappa.

T Í M A T A L.

Fæddr Þórðr Kolbeinsson	974
Fæddr Björn Hítðælakappi	989
Skúli Þorsteinsson dvelr í Noregi um 1000—1004	
Björn Hítðælakappi dvelr at Borg	
um 1002—1007	
Utanför Bjarnar Hítðælakappa	1007
För Bjarnar til Garðaríkis (Rússlands)	1008
Björn berst fyrir Valdimar konung	
við Kaldimar (Jaropolk?)	1009
Björn kemr úr Garðaríki til Noregs vorið	1010
Þórðr Kolbeinsson gengr að eiga Odd-	
nýju haustið	1010
Björn dvelr í Noregi	1010—1012
Björn fer til Englands um sumarið	1012
Dvelr með Knúti ríka	1012—1014
Er í vikingu í Svíþjóð	1014—1017
Þórðr Kolbeinsson fer utan	1015
Fundr þeirra Þórðar og Bjarnar í	
Brenneyjum	1016
Útkoma Þórðar Kolbeinssonar	1017
Björn dvelr í Vikinni og síðan tvo	
vetr með Óláfi konungi	1017—1019

VIII

Útkoma Bjarnar Hítðælakappa sumarið 1019	
Björn dvelr með Þórði í Hítarnesi	
vetrinn 1019—1020	
Vorið eftir fer Björn þaðan og reisir	
hú á Völlum um 1020—1021	
Veginn Björn Hítðælakappi haustið . . . 1024	





Bjarnar saga Hitdælakappa.

Nú skal segja nökkut af þeim íslenskum mönnum, sem uppi váru um daga Óláfs konungs Haraldssonar og hans urðu heimulegir vinir. Nefnir þar til fyrstan ágætan mann, Þorkel Eyjólfsson, er átti Guðrúnu Ósvífursdóttur; því at í þenna tíma var Þorkell í förum ok var jafnan með Óláfi konungi vel virðr, þá er hann var utanlands. Í þenna tíma bjó Þórðr Kolbeinsson á Hitarnesi á Íslandi; hann var skáld mikit ok helt sér mjök fram til virðingar; var hann jafnan utanlands, vel virðr af meira háttar mönnum sakir mentanar sinnar. Þórðr varð hirðmaðr Eiriks jarls Hákonarsonar ok af honum vel metinn. Ekki var Þórðr mjök vinsæll af alþýðu, því at hann þótti vera spottsamr ok grár við alla þá er honum þótti dælt við. Sá maðr óx upp með Skúla Þorsteinssyni at Borg, er Björn hét ok var Arngæirs son ok Þórdísar, dóttur Þorfinns stranga ok Sæunnar,

skalla-Gríms. Björn var snemma mikill vexti ok rammr at afli, karlmannlegr ok sæmilegr at sjá. Björn hafði enn, sem aðrir margir, orðið fyrir spotti Þórðar ok áleitni. Var hann því með Skúla frænda sínum meðan hann var ungr, at hann þóttist þar betr kominn sakir áleitni Þórðar Kolbeinssonar enn hjá föður sínum. Enn því get ek eigi þeira smágreina, sem milli fóru þeira Bjarnar ok Þórðar, áðr Björn kom til Skúla, at þær heyra ekki til þessarri sögu. Skúli var vel til Bjarnar ok virði hann mikils, því at hann sá með sinni vizku, hverr sæmdar-maðr hann mundi verða í þeira ætt. Undi Björn allvel sínu ráði, meðan hann var með Skúla. Þá bjó í Hjörsey fyrir Mýrum Þorkell, son Dufgusar ens auðga ór Dufgusdal. Þorkell var auðigr maðr at fé ok góðr bóndi. Hann átti dóttur, er Oddný hét, kvenna vænst ok skör-ungr mikill; hon var kölluð Oddný eykyndill. Björn vandi þangað kvámur sínar ok sat jafnan at tali við Oddnýju Þorkelsdóttur ok felst hvart þeira öðru vel í skap. Þat var talat af mörgum mönnum, at þat væri jafnræði, þó at Björn fengi hennar sér til eiginkonu, því at hann var enn skörulegsti maðr ok vel mentr.

2. Þá er Björn hafði verit fim vetr með Skúla frænda sínum, bar þat til tíðenda, at skip kom í Gufárós; þat skip áttu nor-rænir menn. Skúli bóndi reið til skips ok bauð

þegar kaupmönnum til sín, því at hann hafði vana til þess at taka við kaupmönnum ok eiga gott vinfengi við þá; fóru þá enn þrír til vistar með honum, þegar þeir höfðu upp sett skip sitt. Björn var viðfellinn við kaupmenn, bæði í fylgd og þjónustu ok líkaði þeim til hans vel. Björn kom at máli við Skúla, frænda sinn, ok beiddi, at hann mundi koma honum utan með kaupmönnum þessum. Skúli tók því vel, sagði sem satt var, at þeir menn fengu margir framkvæmd, at miklu váru síðr á legg komnir enn hann; segist ok til skulu leggja með honum slíkt er hann þykkist þurfa. Björn þakkaði honum gott tillag við sik bæði þá ok fyrr. Réðst Björn þá í skip með kaupmönnum þessum; fekk Skúli frændi hans ok faðir hans honum góðan farareyri, svá at hann vel sæmðr af, at fara með góðum mönnum. Ekki varð sögulegt um þarvist kaupmanna; fóru þeir þá til skips er váraði ok bjuggu ok lágu svo til hafs. Björn reið nú til Borgar at finna Skúla frænda sinn; ok er þeir finnast, segir Björn honum at hann vill eigi annat enn fá Oddnýjar Þorkelsdóttur áðr hann fór brott. Skúli frétti, hvárt hann hefði nökkut þetta við hana talat. Hann sagði þat víst. „Þá skulu vit fara“, segir Skúli, ok svá gera þeir; koma í Hjörsey ok finna Þorkel ok dóttur hans Oddnýju. Hefir Björn þá upp orð sín ok biðr Oddnýjar Þor-

kelsdóttur. Þorkell tók þessu vel ok skaut mjök til ráða dóttur sinnar. Enn sakir þess, at henni var Björn kunnigr áðr, ok þau höfðu elskast sín á milli mjök kærlega, þá játaði hon. Fóru þá þegar festar fram ok skyldi hon sitja í festum þrjá vetr, ok þó at Björn sé samlendr fjórða vetrinn ok megi eigi til komast at vitja þessa ráðs, þá skal hon þó hans biða, enn ef hann kemr eigi til á þriggja vetra fresti af Noregi, þá skyldi Þorkell gifta hana, ef hann vildi. Björn skyldi ok senda menn út, at vitja þessa ráðs, ef hann mætti eigi sjálfr til koma. Lagði Skúli fram með Birni svá mikit fé, at þat var eigi minna góðs enn alt þat er Þorkell átti, ok mundr Þórnýjar dóttur hans. Skildu þau at þessu, ok fylgdi Skúli Birni til skips, ok þá mælti Skúli: „Þá er þú kemr til Noregs, Björn, ok finnr Eirík jarl, vin minn, þá ber honum kveðju mína ok orðsending til at hann taki við þér, ok vil ek ætla at hann geri þetta ok fær honum gull þetta til jartegna, því at þá má hann eigi við dyljast, at mér þykkir betr“.

Björn þakkar Skúla allan þann góðvilja, sem hann hafði honum tét, síðan hann kom til hans, ok skildust síðan. Þetta var ofarlega á dögum Eiríks jarls. Þeir sigldu snemma sumars; tókst þeim ferð sín greiðlega ok kómu við Noreg; fann Björn brátt Eirík jarl ok bar hon-

um kveðju Skúla og jartegnir. Jarl tók því vel, ok kveðst gjarna skyldu gera hans erindi, — „ok skaltu, Björn, vera velkominn“. Björn kveðst þat gjarna vilja; fór hann til hirðar jarls ok var með honum í góðu haldi.

3. Þat sama sumar kom skip af Noregi snimma sumars í Straumfjörð. Þórðr Kolbeinson reið til skips ok varð viss, at kaupmenn ætluðu að fara tvívegis, ok því keypti hann part í skipi ok lýsti yfir utanferð sinni. Þórðr átti frænda þann í Danmörku, er Hrói enn auðgi hét; hann var í Hróiskeldu ok átti þar garð; átti Þórðr at taka arf allan eftir hann; býst hann nú til utanferðar ok urðu siðbúnir. Spurðist þat til hirðar jarls, at Þórðr var kominn til Noregs af Íslandi á því skipi, sem tvívegis hafði farit um sumarit, ok þat at hann var stýrimaðr ok ætlaði at færa jarli kvæði. Jarl spurði Björn, ef honum væri kunnleiki á Þórði. Björn kveðst gerla kenna Þórð, ok kvað hann vera skáld gott, — „ok mun þat kvæði rausnarsamlegt, sem hann flytr“. Jarl mælti: „Þykki þér þat ráð, Björn, at ek hlýða kvæðinu?“ „Þat þykki mér vist“, segir Björn, „því þat mun báðum ykkur til sæmdar“. Ok litlu síðar kom Þórðr á fund jarls ok kvaddi hann sæmlega. Jarl tók því vel ok spurði hvern hann væri. Hann kveðst Þórðr heita ok vera íslenzkr maðr, — „ok vilda ek at þér hlýddið

kvæði, er ek hefi ort um yðr“. Jarl kvað þat vel mega. Þórðr flutti kvæðit, ok var þat drápa ok gott kvæði. Jarl lét vel yfir ok bauð honum með sér at vera um vetrinn, ok þat þektist Þórðr, ok var honum vel veitt; váru þeir Björn báðir með jarli þann vetr.

Þeir menu váru innan hirðar, er þat fluttu fyrir jarl, at þeir mundu engir vinir vera, Þórðr ok Björn. Ok einn tíma er þat sagt, at Eiríkr jarl kallaði Þórð til tals við sik ok spurði eftir, ef Björn væri kunnigr honum, eða hví Skúli mundi hafa sent honum þenna mann. Enn Þórðr segir, at Björn væri enn röskvasti maðr — „ok mér at góðu kunnr, ok því sendi Skúli yðr þenna mann, at hann átti eigi annan frænda sæmilegra til“. „Þat mun satt vera“, segir jarl. Þórðr mælti: „Hafi þér nökkut spurt eftir, hversu gamall maðr Björn er?“ „Ekki“, segir jarl. Þórðr mælti: „Hann er nú átján vetra; ok margir röskvir drengir eru hér með yðr, ok mun Björn þeim at fylgja, sem fræknastir eru“. Jarli fell þat vel í eyru. Ekki lét Þórðr þat á finna, at eigi hefði alla tíma verit vel með þeim Birni. Ok einn dag um vetrinn gekk Þórðr at Birni og bað hann drekka með sér; — „erum vit nú þar komnir at vist, at okkr samir eigi annat enn vel sé með okkr, ok þat eitt missætti hefir hér í millum verit, at lítills er virðanda, ok því látum

nú vel vera heðan af“. Björn tók því vel. Leið svá framan til jóla. Ok enn átta dag jóla gaf Eiríkr jarl mála mönnum sínum, sem siðr er höfðingja til í öðrum löndum. Hann gaf Birni gullhring, þann er stóð hálfu mörk, ok naut hann at því vaskleika síns ok Skúla frændasíns. Þórði gaf hann sverð, góðan grip, at kvæðislaunum. Þat var enn eitt kveld um vetrinn, at Þórðr talaði til Bjarnar — ok váru þeir þá druknir báðir ok þó Björn meir —: „Hvat ætlar þú ráða þinna er várar, eða ætlar þú til Íslands?“ „Eigi mun ek í sumar út“, segir Björn, „því at ek ætla at biðja orlofs Eirík jarl, at hann lofi mér at fara í hernað ok afla mér fjár ok sæmdar, ef svá vill verða“. Þórðr svarar: „Þat sýnist óráðlegt; fengit nú áðr góða sæmd ok virðing, enn hætta sér nú svá; ok far þú miklu heldr með mér í sumar út til Íslands til frænda þinna göfugra ok vitja ráðahags þíns“. Björn svarar: „Eigi mun ek þetta sumar út“. Þórðr mælti: „Óráðleg sýnist mér þín atferð at fara ór landi með fé mikit, enn vita eigi hvárt þú kemr aftr eða eigi“. „Hefir sá er hættir“, segir Björn, „ok mun ek í hernað fara“. Þórðr mælti: „Send þú þá Oddnýju, festarkonu þinni, hringinn jarlsnaut ok fá mér í hönd því at þá veit hún enn gerr elsku þína ok alvöru til sín, ef þú sendir henni þvilíkan grip, ok mun henni þú þá enn

hugkvæmri enn áðr ok þér því síðr afhuga verða; enn ef þú kemr til Íslands út, sem vér væntum, þá tekr þú bæði hring ok konu ok allan fjárlut, er þér var með henni heitit; ok satt er þat“, segir Þórðr, „at slíkt kvánfang getr eigi á Íslandi sem Oddný er“. Björn mælti: „Satt segir þú þat, Þórðr, at Oddný er en sæmilegsta kona ok fullboðin mér í alla staði, ok hefðir þú jafnvel verit til mín, þá er vit várum á Íslandi, sem nú, þá munda ek þetta alt gera, sem nú beiðir þú. Enn vant ætla ek at mér verði at trúa þér, ok þat mun mælt, at ek mun halda laust jarlsgjöfinni, ef ek læt hringinn koma þér í hendr“. Þórðr bað hann vitja ráðsins. Björn kveðst hafa setta menn til þess at gæta, — „ok seg þú, Þórðr, satt til um ferðir mínar, er þú kemr út; enn ek þykkjumst enn of lítt reynt mik hafa í framgöngu ok óviða kannat hafa góðra manna siðu, enn ef ek ferr þegar til Íslands, þá mun ek eigi nenna at fara svá skjótt frá ráðahag mínum“. Þórðr hét því,— „enn því beiddumst ek gripa, at sanna sögu mína, ok eigi þarftu, Björn, at gruna mik, því at ek skal þér trúr vera“. „Til þess skal nú ok hætta“, segir Björn, „um sinn; enn ef þú bregzt mér, þá trúi ek þér aldri síðan á mína daga“. Fær nú Björn hringinn jarlsnaut í hendr Þórði ok bað hann færa Oddnýju. Þórðr hét því ok talaði þá allfagrt við

Björn ok hét allgóðu um, at vera honum trúr ok reka vel hans erendi. Skildu þeir Björn talit at sinni. Ok þá er Björn var ódrukkinn þóttist hann nógu mart fyrir Þórði talað hafa og honum of vel trúað hafa.

Líðr nú af vetrinn ok býr Þórðr skip sitt; finnast þeir Björn ok talast enn við. „Mun Þórðr“, segir Björn, „hvat vit höfum talat, ok far nú vel með mínum erindum“. Þórðr hét góðu um þat ok skildust álitlega. Ekki vissu menn gerla tal þeira Þórðar og Bjarnar. Þat segja menn, at Þórðr væri fimtán vetrum eldri enn Björn. Drápa sú er hann orti um Eirík jarl heitir Belgskakadrápa. Þórðr lét í haf snimma sumars ok kom út um alþingi í Gufárós. Hann reið þegar til þings, ok varð mönnum dátt um þat, því at hann kunni vel at segja frá tíðendum; ok vel fór hann með erendum Bjarnar þat sinni, ok sagði hann koma mundu at vitja ráðahags við Oddnýju ok fekk henni hringinn, enn kvað Björn hafa gefit sér ráðahaginn, ef hann andaðist eða kæmi eigi til Íslands.

4. Sumar þat et sama, sem Þórðr fór til Íslands, gekk Björn þá fyrir jarl ok bað orlofs at fara í austrveg. Jarl bað hann fara sem honum gegndi. Fór þá Björn með kaupmönnum austur í Garðaríki á fund Valdimars konungs; var hann þar um vetrinn í góðu haldi

með konunginum; kom hann sér vel með tignum mönnum, því at öllum fellu vel í skap hættir hans ok skaplyndi.

Svá er sagt, þá er Björn var í Garðaríki með Valdimar konungi, bar þat til, at herr óflýjandi kom í landit, ok réð fyrir kappi sá er Kaldimarr hét, mikill ok máttigr, náfrændi konungs, hermaðr enn mesti ok vigfímr ok mikill afreksmaðr; ok váru þeir kallaðir jafnkomnir til ríkis, Valdimarr konungr ok kappinn, enn kappinn hafði því eigi nát ríkinu, at hann var yngri, ok því fór hann í hernað, at leita sér frama; var nú ok engi hermaðr slíkr, jafnfrægr sem hann, í þann tíma í Austrlöndum. Enn er Valdimarr konungr frétti þetta, þá sendir hann menn með sættarboðum til frænda síns ok bað hann fara með friði ok eignast helming ríkis. Enn kappinn kvaðst hafa skyldu einn ríkit, ok ef konungr vill eigi þat, bauð hann honum hólmgöngu, ella berðist þeir með öllu liði sínu. Valdimarr konungi þótti hvárrgi góðr, ok vildi gjarna eigi týna liði sínu, enn kvaðst eigi vanizt hafa hólmgöngum ok spurði lið sitt, hvat ráðs væri. Enn menn réðu honum at safna liði ok berjast. Ok á litlum tíma kom þar saman múgr ok margmenni ok helt Valdimar konungr til móts við kappann. Síðan bauð konungr at fá mann fyrir sik til einvígis, ok því játaði kappinn með þeim skildaga, at hann skildi eignast ríkit

alt, ef hann feldi þann mann, enn ef kappinn felli, þá skyldi konungr eignast ríki sitt sem áðr. Þá leitaði konungr eftir við menn sína, ef þeir vildi ganga á hólm fyrir hann, enn menn váru ekki fúsir til þess, því at hverr þóttist til bana ráðinn, er berjast skyldi við kappann. Enn konungrinn hét þeim sinni vináttu ok öðrum sæmdum, ef nokkur vill til ráðast, enn þó vildi engi til ráða. Björn mælti: „Hér sé ek alla ódrengilegast við verða síns herra nauðsyn. Enn því fór ek af mínu landi, at ek vilda leita mér frægðar. Enn tveir eru kostir fyrir höndum; annarr, at fá sigr með karl-mensku, þó at þat sé ólíklegt, með þann sem at berjast er, enn hinn er annarr, at falla með drengskap ok hugprýði, ok er þat betra enn at lifa með skömm ok þora eigi at vinna konungi sínum sæmd; ok skal ek til ráða at berjast við Kaldimar“. Konungr þakkar Birni; eru þá sögð upp hólmgöngulög. Kappinn hafði sverð þat er Mæringr hét ok enn beztu gripur. Þeir berjast bæði hart ok snarpt, ok lauk svá með þeim, at kappinn fell fyrir Birni ok fekk bana, enn Björn varð sárr nær til ólífis. Fekk Björn af þessu stórlega frægð ok sæmd af konungi. Var þar skotit tjaldi yfir Björn, því at hann þótti eigi færandi í brott, enn konungr fór heim í ríki sitt. Þeir Björn váru nú í tjaldinu, ok er gróa tóku sár hans, þá kvað hann visu:

- (1) Hér myndi nú handar
 — hæft skiljum brag — vilja
 líki tögr senn leygjar
 Lofn Eykyndill sofna,
 ef hörskorða heyrði
 harða nær at værum
 — gerðumk frægr — með fjörða
 fleina vald í tjaldi.

Síðan var Björn fluttr heim til konungs með mikilli virðingu. Konungr gaf honum alt herskrúð þat er kappinn hafði átt, ok þar með fylgdi sverðið Mæringr, því var Björn síðan kappi kallaðr ok kendr við herað sitt. Björn lá í sárum um sumarit, ok um vetrinn eftir var hann í Garðaríki, ok hafði hann þá utan verit þrjá vetr, ok eftir þat fór hann til Noregs. Ok er hann kom þar vóru öll skip gengin til Íslands, ok var þat síð sumars.

5. Á öðru sumri, fyrr enn nú var frá sagt, spyrir Þórðr af kaupmönnum í Hvítá, at Björn var sárr orðinn, ok keypti at þeim at þeir segði hann andaðan, ok svá gerðu þeir. Síðan sagði Þórðr opinberlega andlega andlát Bjarnar, ok kvað þá menn hafa sagt sér, sem hann höfðu moldu ausið; enn engi kunnir í móti at mæla, ok þótti Þórðr ólíklegr til lýgi. Síðan kom Þórðr í Hjörsey ok bað Oddnýjar. Frændr hennar vildu eigi gifta honum hana, fyrr enn sú stund væri liðin, sem ákveðin var með þeim Birni, enn at sumri, er skip kemr, ok spyrðist þá

eigi til Bjarnar, þá sögðust þeir mega um ræða. Nú kómu skip út ok vissu þeir eigi til Bjarnar at segja, því at hann kom eigi fyrr til Noregs enn þau váru út látin. Nú heldr Þórðr á málinu ok verðr Oddný honum gift. Enn þá er þeir Björn váru búnir til hafs sigldi at þeim skip af hafi. Þeir Björn tóku bát ok reru til skipsins ok vildu vita tíðindi, því at þeir váru af Íslandi komnir. Þeir sögðu gjaforð Oddnýjar. Ok er Björn vissi þat, vildi hann eigi til Íslands fara.

Þann vetr fór Björn til hirðar Eiriks jarls ok var með honum; ok er þeir lágu við Hamarseyri, orti Björn visu:

(2) Hristi handar fasta
 hefr drengr gamans fengit;
 hrynja hart á dýnu
 hlöð Eykyndils vöðva.
 Meðan — vins — stinna vinnum
 — veldr nækkvat því — klökkva
 skeið verðk skriðar biðja
 — skorða — ár at borði.

Björn var enn með ena sömu virðing ok fyrr með jarlinum.

Um sumarit eftir fór Björn vestr til Englands ok fekk þar góða virðing ok var þar tvá vetr með Knúti enum ríka. Þar varð sá atburðr, er Björn fylgdi konungi og sigldi með liði sínu fyrir sunnan sjá, at fló yfir lið konungs flugdreki ok lagðist at þeim ok vildi

hremma mann einn, enn Björn var nær staddr ok brá skildi yfir hann, enn hremdi hann næsta í gegnum skjöldinn. Síðan gripr Björn í sporðinn drekans annarri hendi, enn annarri hjó hann fyrir aftan vængina ok gekk þar í sundr ok fell drekinni niðr dauðr. Enn konungr gaf Birni mikit fé ok langskip gott, ok því helt hann til Danmerkr. Þá gerði hann félag við Auðun bakskika, víkverskan mann, enn dansk-an at sumu kyni. Þá var Auðun áðr útlægr ger af Noregi. Hann hafði tvau skip til felags við hann ok lögðu síðan austr fyrir Svíþjóð í hernað ok herjuðu um sumarit enn váru um vetrinn í Danmörk. Þetta var iðn þeira í þrjá vetr.

6. Þat er nú at segja, at Þórðr sitr nú heima í búi sínu á Hítarnesi um hrið ok halda menn at Oddný sé nú betr gift enn fyrr hafði verit til ætlazt, bæði til fjár ok burðar ok annars sóma; enn ástir þeira váru at góðum sanni. Þau áttu átta börn, fim sonu ok þrjár dætr. Þórðr hafði þá selt skip þat kaupmönn-um, er hann hafði átt ok haft í förum.

Björn var nú í víkingu at afla sér fjár ok frægðar; vinr var hann Eiríks jarls, ok eru með honum þeir menn sem fyrr var sagt. Lítt langar hann nú til Íslands, er hann veit þaðan tíðendi ok hversu þat Þórðr hafði við hann búit. Ok á því méli, er Björn var ór landi,

varð höfðingjaskifti í Noregi; tók við ríkinu eftir Eirík jarl Hákon jarl, son hans; Sveinn, bróðir Eiríks jarls, réð sínum hluta lands sem áðr ok stóð þannveg tvá vetr. Eftir þat kom Óláfr enn helgi í land ok tók Hákon í Sauðungssundi, ok sór hann Óláfi konungi eiða ok fór ór landi síðan, enn Óláfr bardist við Svein jarl fyrir Nesjum pálmunnudag, ok stökk Sveinn undan, enn Óláfr réð síðan öllu landinu ok varð konungr yfir. Nú ferr sú frétt um önnur lönd, at þeir Sveinn jarl ok Hákon jarl váru ór landi. Björn ok hans menn spyrja þetta höfðingjaskifti ok þat, at margar góðar sögur gengu frá konungi þeim, sem vert var. Ok í þann tíma var í kaupferðum ágætr maðr, Þorkell Eyjólfsson; hann hafði mikla virðing af Óláfi konungi. Þorkell var ok vinr Þórðar Kolbeinssonar.

7. Þat er nú tíðenda sagt, at Þórðr Kolbeinsson spyr þau tíðendi, at Hrói enn auðgi, móðurbróðir hans, var andaðr. Þórðr átti at taka arf eftir hann. Nú kaupir hann skip ok ætlar at fara utan á vit fjársins. Þat er sagt frá ferð Þórðar, at hann sækir fund Óláfs konungs. Honum var þar vel fagnað; segir hann konungi vöxtu á um ferð sína. Þorkell var þá þar ok túlkaði vel málið við konung, at hann fengi fé sitt. Konungr lét gera honum bréf til vina sinna í Danmörk ok setti fyrir

sitt innsigli. Þá váru þeir með Þórði synir Eiríks, Þorvaldr ok Þórðr. Þar fór ok Kálfr illviti. Þórðr orti drápu um Óláf konung; síðan fór hann ok færði sjálfr ok þá at konungi gullhring ok pellskyrtil hlaðbúinn ok sverð gott. Þórðr spyrr í hljóði, ef menn yrði nökkut varir við Björn. Honum er sagt at hann sé í hernaði ok fjölmennr. Þórðr hafði litit skip. Nökkurir víkverskir menn váru á skipi með honum Nær þrír tígir manna váru alls á skipinu. Hann kom þat sumar til Danmerkr í Hróiskeldu ok fekk mikit af fénu, þó at miklir spænir væri af tegldir, ok fóru sunnan um sumarit er á leið, enu leið hans var um Brenneyjar. Þat eru margar eyjar, ok váru þá lítt bygðar. Þar váru í launvágur ok var þar jafnan herskát af víkingum. Skógr var þar ok nökkurr í eyjunum. Björn fór þá hafna á milli, ok váru síð dags, þar er fram gengu eyrar tvær af Brenneyjum; önnur heitir Þrælaeyrr, enu önnur Oddaeyrr; þar lagði Björn skipum sínum. Þat sama kveld kom Þórðr við eyna ok lá þar skipi sínu um náttina. Síðan koma menn tveir fram á eyna ok spurðu, hverr skip ætti. Einn skjótorðr maðr ok heldr hvatviss segir, at Þórðr Kolbeinsson átti. Þórðr mælti: „Bráðorðr maðr ertu“, segir hann, „ok seg at Þóarr víðförli eigi skipit“; ok svá gerir hann. Eyjarmaðrinn mælti: „Gerid hvárt sem

þér vilið, ljúgið eða segið satt“. Þeir menn hurfu aftr; enn þat váru reyndar menn Bjarnar; lá hann þar öðrum megin við eyna með níu skip. Þórðr mælti, er þeir váru í brott: „Þetta mun verit hafa njósnarmenn nökkurra manna, ok mun ek ganga á eyna ok vita, ef ek verð nökkurs varr“. Björn mælti til Auðunar, þá er menn hans kómu aftr ok sögðu til Þórðar: „Kenna þykkjumst ek at frásögn þeira skipit, at Þórðr mun eiga, ok er maklegr fundr várr“.

Þórðr gengr nú upp ok Kálfr illviti ok nökkurir menn aðrir, ok er þeir váru skamt komnir upp á eyna, mælti Þórðr: „Nú skuluð þér aftr hverfa til skips, ok nú vil ek, at þér segið, at ek væra eftir í Danmörk ok ek næða eigi ellegar fénu, ef svá berr til sem ek ætla, at Björn mun eigi fjarri vera ok komi hér; enn ek mun forða mér“. Kálfr illviti segir: „Þetta mun gott ráð, ef þú verðr eigi fundinn; enn ella mun þér at verða mikil svírðing; vilda ek heldr at vér verðum fé vart ok fjör meðan vér mættim“. „Hitt er ráðlegra“, segir Þórðr; „öllum mun friðr gefinn nema mér“. Hann gekk nú upp á eyna ok settist undir bakka í hrísrunni einum ok sá hann til skips. Hann hafði kufl einn yztan klæða. Nú biðr Björn sína menn vápna sik ok vitja kaupmanna; lét þat mundu satt, sem fyrst var sagt, at Þórðr Kolbeins on

mundi stýrimaðr vera. Þeir gera svá sem Björn mælti: ganga upp á kaupskipit ok sýnist lið vera höfðingjalaust. Spyrir Björn hvar forráðandi skipsins væri. Þeir kunnu enga þökk þarkvámu Bjarnar, enn þeir fóru svá með sögunni, sem Þórðr hafði mælt. Björn trúir því eigi ok vill leita um eyna. „Ey er lítil ok munu vér finna hann, ef hann er þar“. Nú ransaka þeir fyrst skipit ok finna hann eigi; síðan fóru þeir um eyna þok váru nær tvau hundruð manna í leitinni. Ok er þeir Björn koma þar at sem Þórðr sat, þá sprettr hann upp ok heilsar vel Birni. „Hér ertu nú, Þórðr“, segir Björn, „enn eigi í Danmörku; eða hví skal nú svá lágt sitja? Seg oss nú tíðendi af Íslandi; löngu fundumst vér næst“. „Mart kann ek segja tíðenda“, segir Þórðr. „Hvar vartu í vetr?“ Þórðr svarar Birni; hann segir: „Með konungi í Noregi“. Björn segir: „Hvar var konungr í landi?“ „Norðr var hann“, segir Þórðr, „ok er váraði fór hann austr til Víkr ok mun hann þar nú vera“. Björn mælti: „Hvat segir þú nýjast af Íslandi?“ „Andlát Skúla“, segir Þórðr, „enn líf föður þíns ok fóstra“. Björn mælti: „Tíðendi eru þat mikil, at Skúli er andaðr; eða hvárt er þat satt, at þú hefir fengit Oddnýjar Þorkelsdóttur litlu síðar enn vit skildum?“ Þórðr kvað þat satt vera. Björn mælti: „Hversu trúlega þóttist

þú halda við mik vináttuna?“ Þórðr segir: „Ek vissa eigi, at hon skyldi lengr biða þín enn þrjá vetr.“ Björn mælti: „Eigi gerir þér nú undanherkjun sjá, því at ek veit hér áðr allan sannleik um þetta.“ Þórðr bauð honum yfirbætr. „Hitt mun ráðlegra“, segir Björn, „at þú sér drepinn ok lúki með okkr.“ Nú lýkr með því, at Björn gefr þeim lífsgrið, enn af þeim tók hann fé ok svá knörrinn; síðan fló hann Þórð at gripunum, ok gerði hann sem hraklegast ráð hans alt. Þórðr mælti til at hafa gripina ok náði ekki. Síðan lét Björn Þórð ok föruneysi hans alt fara í knarrarbatinn með klæðum sínum ok flytja svá til meginlands. Ok áðr þeir skiljast, mælti Björn: „Þórðr,“ kvað hann, „nú er þér ger nökkur hneisa ok svívirðing ok fjárskaði, ok er þó at öllu minni enn þú ert maklegr; far nú til Orkneyja ok dvelst lítt við Noreg, enn ek mun fara á konungsfund; ok met ek hann svá mikils ósénan, at fyrir þat drep ek þik eigi, er þú varst gestr hans; ok hvar sem ek hitti þik heðan frá, skal þér hvergi óhætt nema mjök verði öðruvís enn mik varir.“

Þeir Þórðr gengu nú á bátinn, og svá enir vikversku menn, ok vildu þeir til eigna sinna. Þeir höfðu vápn sín. Síðan hittu þeir konung ok sögðu honum þessi tíðendi um ránit ok sakargiftir við Þórð.

8. Eftir þetta átti Björn stefnu við Auðun

2*

félaga sinn ok kvaðst vilja fara til fundar við Óláf konung; ok vil ek eigi reiði hans yfir mér fyrir kaupmannarán“. Auðun kvaðst vilja fylgja honum, því at honum léku landmunir at staðfestast í Noregi. Nú koma þeir á konungsfund ok létu eftir menn sína flesta ok svá fé ok skip. Þeir kómu þrem nóttum síðar á konungsfund enn þeir Þórðr. Þeir Björn gengu tólf saman í höllina, þá er konungr sat yfir drykkju, enn fim tigur manna váru eftir við skip. Björn gekk fyrir konung ok kvaddi hann vel. Konungr spyr, hvern hann sé. Hann segir til sín. Konungr segir: „Er eigi þetta sökudólgr þinn, Þórðr?“ Enn hann kvað víst þann vera. Konungr kvað hann djarfan mann vera, er hann þorði á hans fund at fara ok bað þá taka ok setja í járn. Björn kvað þat hægt mundu at gera, enn kvað þó sér þykkja trautt af sakleysi við Þórð. Konungr kvað víkingum auðfengnar sakir við kaupmenn, ef þeir girnast fé þeira. Björn segir þá ok tekr til at upphafi um viðskifti þeira Þórðar ok sakir þær er hann þóttist eiga við Þórð Kolbeinsson. Konungr spurði Þórð, ef svá var sem Björn sagði. Þórðr kveðst hafa sannspurt áðr andlát Bjarnar, áðr hann fengi konunnar. „Eigi hefir þó sú raun á orðit,“ segir konungr, „ok þykki mér Björn eiga miklar sakir við Þórð eða vili þit nú“, segir konungr, „at ek gera í millum ykkar?“

Enn því játuðu þeir báðir ok váru þá grið sett. Ok síðan gerði konungr konuna til handa Þórði og öll fé hennar, enn Birni jafnmikit fé af þessu er hann hafði tekit upp fyrir Þórði, ok var talit með fé Oddnýjar erfð, er hon átti eftir föður sinn; svivirðingar skulu jafnmikit mega, fjárreyta ok konutak. Björn skyldi hafa guðvefjarkyrtil og hring fyrir þann er Þórðr tók með Oddnýju. Þórðr skyldi hafa sverð þat er konungr hafði gefit honum. Konungr sagði, at þeim mundi betr fara, er vel heldi þessa sætt. Öll fé Þórðar hlaut Björn, sem hann hafði þar, nema skip, enn hverr kaupmaðr skal hafa sín fé, er Björn hafði upp tekit fyrir. Þórðr var um vetrinn með konungi, ok svá Kálfr ok Eiðssynir, enn Björn fór í Vík austr ok þeir Auðun, er Björn hafði í frið þegit við konung, ok váru þar um vetrinn. Enn at sumri fór hann til Óláfs konungs og var með honum tvá vetr síðan. Enn Þórðr fór til Íslands um sumarit og gat ekki um skifti þeira Bjarnar, hver verit höfðu austr. Óláfr konungr gaf Þórði viðarfarm á skip og fór Þórðr út hingat ok heim til bús síns.

9. Björn var nú með konungi. Ok eitthvert sinn, er þeir hjöluðu konungr ok Björn, þá mælti Björn: „Veit ek herra um þá menn, er mik rægðu við þik af fundi okkrum Þórðar, at þeir mundu eigi geta þess, hvat ek mat mest

til at ek drap eigi Þórð og menn hans.“ Konungr mælti: „Eigi var mér þat sagt.“ Björn mælti: „Ek skal þá segja þér, at ek virði þik svá mikils ósénan, at fyrir því drap ek Þórð eigi ok alla skipshöfn hans, at hann hafði yðar vetrgestr verit, ok þat mundi hann reyna ef við fyndumst ok þú ættir eigi blut í eða þætti þér eigi misboðit.“ Konungr mælti: „Heyrum þetta nú af þeim mönnum, er við váru fund þeira Þórðar ok Bjarnar ok munu þeir satt segja.“ Nú var svá gert, ok gengu þeir við, at Björn hafði svá mælt, at konungs nyti at, er hann dræpi Þórð eigi ok fórunauta hans. Konungi þótti nú enn meira vert, enn áðr, er hann hafði Þórði upp gefit fyrir hans sakir. Þeir menn váru með konungi, er vissu skifti þeira, Bjarnar ok Þórðar, er þeir váru með Eiríki jarli, ok sögðu þat konungi; ok hafði Björn gefit alt með vitnum. Konungr segir: „Þat er nú ok rétt,“ segir hann, „at hásetar Þórðar hafi svarit til fjár síns í mínu umdæmi, enn Þórði til friðar.“ Bjarni kvaðst ætla, at eigi myndi hann honum þyrma, nema konungs nyti at. Konungr kveðst at meiri vinr skyldu vera Bjarnar; en kvað þeim þó nú þat eina sóma, at halda þá sætt, er hann hafði gert þeira á meðal. „Enn þat vilda ek,“ segir konungr, „at þú létir af hernaði; þótt þú þykkist vel með því fara, þó verðr þá oft guðsrétti raskat.“ Björn

kvað svá vera skyldu, ok kvaðst fúss með honum at vera. Konungr mælti: „Vel verðr þú mér at skapi; enn ekki mun okkr auðit löngum saman at vera; því at hingat er ván Þorgils Eyjólfssonar, vinar míns, ok mun hann snögt vera ósáttr við þik fyrir sakir Þórðar; ok er þat ráðlegt at halda út til Íslands.“

Þat haust var Björn með konungi ok váru sáttir heilum sáttum, ok þá Björn góðar gjafir at honum. Sá atburðr varð þar at veizlu einni, þá er Björn fylgdi konungi, ok jafnan váru margir velgerningar veittir konungi, sem maklegt var, ok honum var ger kerlaug; því at eigi er annarra lauga kostur í Noregi. Konungr ok hans menn fóru í laugina, ok lögðu menn klæði sín á völlin, enn tjaldat var yfir laugina. Enn þat var mönnum þá títt, at hafa reimar, því likar sem lindar væri, ok var því vafit frá skó ok upp til knés; ok höfðu þat jafnan helztu menn ok tignir; ok þat sama hafði konungr ok Björn. Ok er Björn gekk til klæða sinna, fyrr enn aðrir menn, ok váru fót Bjarnar hjá klæðum konungs, ok varð Birni eigi at hugat fyrr enn menn váru klæddir, at Björn hafði skift um reimar við konung, ok sagði honum þegar til vanhyggju sinnar; enn konungr skipaði kyrt vera, ok kvað þá eigi verri, er hann hafði. Björn hafði ávalt þessa reim um fót sinn á meðan hann lifði, ok með henni var

hann niðr grafinn. Ok þá miklu síðar, er bein hans váru upp tekin ok færð til annarrar kirkju, þá var sú sama ræma ófúin um fótlegg Bjarnar, enn alt var annat fúit; ok er þat nú messufatalindi í Görðum á Akranesi. Ok nú um vetrinn eftir var Björn í Noregi, ok gaf Óláfr konungr honum skikkju vandaða, ok hét honum sinni vináttu, ok kallaði hann vera vaskan mann ok góðan dreng.

10. Frá því er nú at segja, þá er váraði, at Björn bjó skip sitt til Íslands; ok þá bjuggust ok önnur skip til Íslands, ok koma þau fyrr út enn Bjarnar skip. Óláfr konungr sendi orð með mönnum, at Þórðr skuli vel halda sáttum við Björn, þá er hann kæmi út; ok kvað hann þess skyldan fyrir sakir þeira viðskifta, slíkra sem orðit höfðu. Á því sumri kom Björn út í Hrutafirði, á Borðeyri, með mikit fé, ok hafði sóttan mikinn frama ok atgervi. Þeir bera búnað sinn af skipi og reisa tjöld sín. Énn í öðrum stað er þess getit eitt kveld, at Oddný tók til orða við Þórð bónda sinn: „Hefir þú nökkut tíðenda heyrt, Þórðr?“ „Engi,“ segir hann; „enn því muntu um þat ræða, at þú munt spurt hafa nökkur.“ „Nær getr þú,“ segir hon; „frétt hefi ek þat, er mér þykkja tíðendi; mér er sögð skipkváma í Hrutafirði, ok er þar á Björn, sá er þú sagðir andaðan.“ Þórðr mælti: „Þat má vera,“ segir hann, „at þér þykki þat

tíðendi“. „Víst eru þat tíðendi“, segir hon, „ok enn gerr veit ek nú“, segir hon, „hversu ek em gefin; ek hugða þik vera góðan dreng, enn þú ert fullr af lygi ok lausung“. „Þat er mælt“, segir Þórðr, „at yfirbætr sé til alls“. „Mik grunar“, segir hon, „at sjálfr muni hann hafa skipaðar sér bætrnar“. „Haf þú þat fyrir satt sem þér sýnist“, segir hann. Nú fellr þetta hjal með þeim. Þeir Arngeirr ór Hólmi fara til skips ok hitta Björn; verðr þar fagnafundr með þeim, ok bjóða Birni til sín ok kváðust nú verða honum fegnir; sögðu nú langt hafa verit funda á milli. Hann kvaðst fara myndu. Síðan var upp sett skipit, er á leið sumarit, enn Björn fór heim til föður síns. Mörgum mönnum varð nú dátt um heimkvámu Bjarnar, þvíat áðr hafði mjök verit á dreif drepit um mál Bjarnar, hvárt hann var lífs eða eigi; sagði annarr þat logit, enn annarr sagði satt, enn nú var reynt hvárt sannara var. Birni var vel fagnat, er hann kom heim. Fóstri hans gaf honum hundinn V....., þvíat honum hafði þótt hann góðr fyrr. Faðir hans gaf honum hest, er Hvítingr hét — hann var alhvítr at lit — ok með fola tvá hvíta; þat váru góðir gripir.

11. Nú er þat sagt, at Þórðr spurði Oddnýju, hvé ráðlegt henni þætti, at bjóða Birni til vistar, ok kvaðst eigi vilja, at menn gengi milli

þeira ok rægði þá saman,—„ok vil ek svá reyna skap Bjarnar ok trúlyndi við mik.“ Hon latti, kvað þat óráð at því orði, sem áðr lék á. Þórðr lét eigi letjast ok fór í Hólm í Hitardal. Hann reið einn saman í blári kápu. Enn fjall stendr at húsbaki í Hólmi, ok gengr hryggr sá niðr af fjallinu at húsunum heim. Þat höfðu þau at sýslu þann dag, Björn ok móðir hans, at þau breiddu niðr léreft ok þurkuðu, er vát höfðu orðit. Hon tók til orða: „Maðr riðr þar“, segir hon, „í blári kápu, ok er alllíkr Þórði Kolbeinssyni, ok hann er ok, ok mun hans erendi óþarft“. „Eigi mun þat“, segir Björn. Þórðr kom þar. Þeir kveðjast ok spyrjast almæltra tíðenda. Síðan mælti Þórðr: „Þat er erendi mitt hingat, at vita, hvárt þú vill halda sættir við mik, þær er konungr gerði milli okkar, ok skuli nú hvárrgi eiga öðrum sakir at bæta; ok er þat merkilegt, er skilríkr maðr hefir samit milli okkar; enn var mér þat í hug um hrið, at vit mundum ekki sættast“. Björn kvað þat einsætt, at halda sættir þær, sem þeir höfðu um mælt. Þórðr mælti: „Ek hefi þann hluta haft mála, er veglegri þótti; ok mun ek nú þat sýna, at ek vil, at vit sættumst heilum sáttum. Ek vil bjóða þér þangat til vetrvistar til mín, ok skal ek vel veita þér; vænti ek ok, at þú munt svá þiggja“. Þórðr fór þar um fögrum orðum. Þórdís mælti: „Þat

mun (ek) sýna, at ek mun ekki mjök talhlýðin. Hugðu svá at, Björn“, segir hon, „at því flára mun Þórðr hyggja, sem hann talar sléttara, ok trú þú honum eigi“. Þá kemr Arngeirr at ok spyrr, hvat þeir ræði. Þórðr segir honum. „Svá sýnist mér“, segir Arngeirr, „sem sá sé þeim meiri vinr, er þessa fýsir, ef þeir væri þá sáttari enn áðr; ok fýsa vil ek Björn at fara, ok mun Þórðr þat efna, sem hann mælir“; ok stenzst heldr í móti með þeim hjónum. Björn mælti: „Þat hefi ek ætlat, at vera með föður mínum; ok mörgum mun kynlegt þykkja heimboð þetta sakir orðróms manna“. Þórðr mælti ok kvað, at Björn væri honum eigi trúr, ef hann þægi eigi boðit. Ok nú hét Björn at vera þar nökk-ura stund, ok kvaðst þó mundu dveljast fyrst með föður sínum. Þórðr reið heim ok segir Oddnýju, hvert hann hafði farit um daginn, ok kvaðst nú hafa þat erendi fengit, er hann vildi. „Hvert er þat?“ segir hon. Hann segir, at þangat hafi hann boðit Birni, ok kvaðst þat hafa gert til yfirbóta við hana. „Þat hygg ek“, segir hon, „at nú ljúgir þú, ef þú kant þat“. Þórðr segir: „Eigi verðr einn eiðr alla“. Skilja þau nú hjalit.

12. Nú bjóst Björn til vistar með Þórði ok fór í Hítarnes með þrjá gangandi gripi: hesta tvá ok hund. Hann reið hesti ok hafði annan í togi. Eftir lét hann fé sitt í Hólmi. Þórðr

tók vel við honum ok setti hann et næsta sér ok bað menn nú einkum, at vel skuli þeir á meðal ganga; ok hétu menn um þat góðu, enn flestum þótti þarvist Bjarnar kynleg, ok þó liðr nú stund ok horfist vænlega á með þeim. Þat er sagt, um öndverðan vetr kemr Þórðr at máli við Oddnýju ok spyr, hversu þá mun sýslum gegna. „Er nú margt á höndum“, segir hann, „ok þyrfti, at allir væri at nökkuru nýtir“. Ey ligr í Hítará, gagnauðig bæði at selveri ok eggveri, ok þar váru sláttur í ok sæði. „Nú munu karlar ok konur fara til at skryfa korn“, segir hann, „enn þú verðr at vera heima, því at sauðr mun heim rekinn í dag, ok verðr þú nú við at leita at mjólka, þótt þú sér úvön“. Hon mælti: „Sé ek þá allmaklegan mann til at moka kviarnar, ok skaltu þat gera“. „Rangt mælir þú nú“, segir Þórðr, „ok hefi ek meiri önn fyrir okkru búi enn þú“; ok rennr honum í skap, ok drap hendi sinni hægri á kinn henni. Björn var skamt í frá ok heyrði, hvat þau ræddu, ok kvað visu:

- (3) Snót biðr svein enn hvíta
 svinn at kvíar innan
 — reið esa Binar glóða
 ranglát — moka ganga;
 harðla nýt, sús heitir
 Hlökk miðs *vita* Rökkva,
 sprund biðr út at andar
 Eykyndill, mik skynda.

Þórðr fór til verks, enn Oddný mjólkaði ekki ásauðinn; enda mokaði Þórðr ekki kviarnar. Enn eigi góð þótti Þórði visan, er Björn kvað, enn þó var þat nú fyrst kyrt.

Nökkuru síðar er þat sagt, at Þórðr kom inn, ok hann sá, at Björn átti tal við konur. Þat var um kveld, ok var Björn kátr við þær Þórðr kvað þetta:

(4) Út skalt ganga
illr þykki mér
gleymr þinn vera
við griðkonur;
sitr á öftnum,
er inn komum,
jafnauðigr mér:
út skalt ganga.

Björn mælti: „Hafa viltu enn þann bragarháttinn sem fyrr meirr“, ok kvað visu í mót:

(5) Hér munk sitja,
hátt vel kveða,
skemta þinni
þjóðvel konu;
þat mun okkr eigi
til orðs lagit,
emk heill í hug:
hér munk sitja.

Sá atburðr varð enn einu sinni litlu síðar um kveld, at Þórðr kom inn ok gekk hljótt ok vildi vita, hvat fyrir væri. Hann heyrði manna-mál ok þóttist vita, at þau Björn ok Oddný ræddust við, ok hleraði, ef hann mætti heyra

hjal þeira. Björn varð ok varr við ok segir Oddnýju, at Þórðr hleraði til, hvat þau ræddu. Hon kunni þess enga þökk ok gekk í brott ok blés við hátt, enn Björn kvað vísu:

(6) Eykyndill verpr öndu
 orðsæl ok vill mæla
 — brúðr hefr beztar ræður
 breksöm við mik — nekvat;
 enn til Jarðar orða
 „ölreyrar“ gengr heyra
 lítill sveinn ok leynisk
 „laun krarr“ ok sésk fjarri.

Þórði hugnar eigi við Björn um kveðskapinn; enn þó er nú kyrt, ok hyggr sitt hvárr. Þat var eitt kveld, at þau váru í stofu, at Þórðr setr Oddnýju í kné sér ok er blíðr við hana; vill vita, hvernig Birni bregðr við. Hann kyssir hana ok lét fylgja vísu:

(7) Muna mun Björn, at Birni
 bauga grund ór mundum
 snót en snerriláta
 slapp Hítðelakappa.
 Skapat vas mér — enn mjárar
 muna þrjótr konu njóta —
 — ráð es slikt til snúðar —
 sveigar þöll at eiga.

„Svá var“, segir Björn, „at ek varð at láta þetta kvánfang; enn gerzt hefir þat í okkrum viðskiftum, at ek vænti, at þér muni seint fyrnast“, ok kvað vísu:

- (8) Dat mun þér es mœtti
þín sveit liði mínu
þar fyr Drælaeyri,
Dorðr, eymini forðum,
ok frá auði miklum
ódrengila gengud;
bart þót allvel ortir
oftsinnum hlut minna.

Eigi var langt at biða, áðr hann kvað:

- (9) Muna mátt hitt, at hattar
hallandi vannk granda,
lftill sveinn, of leiti
látprúðr þars þú dúðir,
ok frá byrjar Blakki
brátt, sem orka máttir,
annars snauðr enn æðru
ills kunnandi runnuð.

Ok enn þykir Birni eigi fullgert í mót því, er
Dorðr minti hann á um sakirnar ok hældist,
er hann hafði hlotið konuna, enn Björn varð
lausa at láta, ok kvað enn vísu:

- (10) Hefnt telk þessa, at þessa
þornteigar gekt eiga
— þín's í þurð at einu,
Dorðr, vegsemi — skorðu.
Ér á Oddaeyri
undan mínum fundi
brúar und bakka láguð
Brenneyja lágt, skreyja.

Nú er þetta kyrt, ok þykir nú hvarumtveggja
ja verr enn áðr. Eitt sinn kvað Björn vísu
þessa:

- (11) Sátt við, sveinn enn hvíti,
 sviftr auði ok giftu
 — árr vas auðs við hríðir —
 öfund — *hjörs* — í Sólundum,
 þás, raungetinn, ræntak
 „rusel kvæðs“, af þér bæði
 — heldr vas gráleikr goldinn
 gauri — knörr ok aura.

Eigi líkaði Þórði vísan, sem ván var, ok gerist „far or neypurá“ með þeim. Eitt kveld var sagt, at Björn sat hjá Oddnýju ok söðlar því á ofan, at hann kvað vísu þessa til Þórðar:

- (12) Þá mun þunnrar blæju
 þöll vestarla und fjöllum
 — Rindr vakti mik mundar —
 manns þíns getu sanna,
 ef gæti son sæta
 sunnu mars við runni
 — ván lætk réttar raunar —
 ríklunduð mér glíkan.

Nú nemr staðar fyrst um kveðskap þeira ok eigast ekki við.

13. Frá því er sagt eitt kveld, at Þórðr kom at máli við Oddnýju: „Þat segir þú mér ok margir aðrir“, segir hann, „at Björn sé drengr góðr, enn mér sýnist eigi svá um suma hluti; hann setr hund sinn jafnauðigan okkr undir borði, enn ek hefi eigi fyrr við hunda átt, ok mun honum leiðast, ef deildir er verðrinn“. Hon segir: „Viltu þess freista þá ok

vita þá, hvat at hafi?“ „Svá munum vit vera láta“, segir hann. „Nú skal vera brauðhleifr syflr fyrir manni, ok vitum, hvárt hann gefi hundinum af. Þat fylgir ok þessu“, segir Þórðr, „at hestar tveir eru hér í vetr, ok ginnir hann húskarla mína til þess at gefa þeim; ok er þat lítilmannlegt, at ginna þá til at gefa hrossum“. Ok nú er breytt var búnaðinum, þá gaf Björn hundi eigi síðr enn áðr, enn þeir Þórðr ok Björn höfðu mat at minna, enn hjónin heituðust við í öðru lagi, at hlaupa á brott fyrir búnaðar sakir. Fá mál var þetta, áðr Þórðr ræddi um við Oddnýju, at hann kvaðst eigi nenna lengr at svelta fyrir hundinn Bjarnar; ok stoðar þetta ekki; varð búnaðr aftr at koma. Nú er svá gert. Þá líkar hjónum vel, enn Björn lét sem hann viti eigi. Oft ræddi Þórðr um fyrir Oddnýju, hversu honum þótti Björn óþakklátr ok stirðr um þat, er við bar. Ok eitt sinn, er þau áttu um þat at ræða, kvað Þórðr vísu:

(18) Sextán vas hugr hjóna

— hverr líði sér — þverri
 raus — einn — óru húsi —
 auðhlín — at mun sínum —
 áðr garðvita gerði
 grundar einn fyr stundu
 stríðir stökk í báðum
 stórgeðr liði óru.

Þar váru þau öll um vetrinn við lítið samþykki;

ok ekki var þat mjök at vilja Oddnýjar. Því hafði Þórðr í fyrstu heitit Birni, at hesta hans skyldi færa til haga í Hítarnes, eða láta gefa heima ella, ok hafði Björn viljat, at heldr færi í brott; enn leið undan ok var eigi gert. Kálfr illviti kom á Hítarnes, ok spurði, hvé Þórði líkaði við vetrgestinn, eða hvárt hann réði því, er meiri hlutr töðu fórst, enn hestar hans æti; gengu síðan at sjá heyit, ok þótti illa með farit. Þórði líkar illa, ok segir Oddnýju, at Björn hafi keypt at húskörlum, at troða hey hans í saur ok spilla því. Hon segir, ok kvað Björn eigi myndi þat gert hafa, at eiga hlut í því, at hestum hans væri annan veg gefit, enn öðrum hrossum, — „enn þú hygg at, at þú efnir alt vel, þat er þú hefir honum heitit.“ Eftir þetta lét Þórðr fara í brott hesta Bjarnar ok út í Hítarnes, ok hafa þeir þar góðan haga; ok lætr þá af gnadd Þórðar við hesta Bjarnar, ok er nú kyrt, at kalla, um stund.

14. Frá því er sagt eitthvert kveld, at þeir Þórðr ok Björn sátu í bekk, ok fór í bága með þeim; þá kvað Þórðr visu til Bjarnar:

(14) Út skalt ganga,
 oss selduð mjöl
 rautt álit,
 rúg sagðir þú,
 enn þás virðar
 vatni blendu,

vas þat aska ein;
út skalt ganga.

Björn kvað í móti:

(15) Kyrr munk sitja;
komk á hausti,
hefk fornan mör
fullu keyptan;
feld gáfuð mér
fagröggaðan,
kappsvel drepinn,
kyrr munk sitja.

Þat fanst á, at Þórði þótti framlög sín mikil, enn ekki gott í mót koma. Björn galt ok slíkt í mót; því at honum þótti heimboðit Þórðar verit hafa með glysmálum einum, enn veitt kotmannlega, ok þótti ills eina fyrir vert; ok þótti báðum þá verr enn áðr. Öll hvíldu þau í einu útibúri um vetrinn: Þórðr ok Oddný ok verkona, er togaði af þeim klæði. Þat var einhvern aftan. at Oddný kom síð til rekkju, ok gaf Þórðr henni ekki rúm í rekkjuna; enn hon sté upp fyrir stokkinn ok vildi undir fötin hjá honum, ok var þess eigi kostur, ok sat hon af því upp. Þá kvað Björn vísu:

(16) Svá flakir Ullr of alla
odds böð-Gefnar loddu
hinns ljóta fal lýtir
linnbæðs sæing innan,
at hól-Njörun hvilir
hrannblakks kalin nækkvat

— lofak Þrúðar hag þýðrar
þorns — á beðjar horni.

Oddný bað þá, at þeir skulu eigi yrkja um hana, ok taldi eigi þetta vera sín orð. Nú er frá þessu upp um vetrinn ok til sumars, er þeir mælast ekki við. Þat hafði Oddný mælt við Björn um vetrinn, at dóttir þeira Þórðar skyldi vera honum í þann stað, er hann hafði eigi fengit hennar, sem ætlat var; ok eitt kveld minnist Björn á þetta, ok setr meyjarnar í kné sér, ok kvað vísu þessa:

(17) Systr eru tvær með tíri
— trúik enn sögum hennar —
þýð ok þeira móðir
þekk bragsmíðar skekki;
þær 'ro mér enn meira
— mengrund lofak stundum;
þats versóka veiti
vánlegt — í stað kvánar.

Ok nú er kemr at sumri, ætlar Björn í brott at búast. Þat er sagt, þá er Björn var búinn á brott ór vistinni, þá gaf hann Oddnýju skikkjuna Þórðarnaut, og mælti hvárt þeira vel fyrir öðru. Ok er hann var albúinn, reið hann at útibúri, er Þórðr var inni ok Kálfr illviti hjá honum, ok var hann þá nýkominn þar. Björn segir Þórði, at hann var þá til ferðar búinn, ok hann ætlar þá ór vistinni. Þórðr kvaðst þat vel þykkja, ok betra at fyrr væri. Björn kvaðst

þat vitat hafa fyrir löngu. „Hefir nú þann veg
 verit,“ segir hann,

15. Nú er frá því fyrst at segja, at Þórðr Kol-
 beinsson kannaði fjöru sína. Hann kom þar sem
 selr var í vök, ok var særinn undan fallinn,
 enn ísar alt um utan, ok komst selrinn eigi
 brott Þórði kom í hug, ef hann sækti sér
 vápn heim, at fyrr mundi sær undir falla, enn
 hann kæmi aftr, ok mundi hann þá eigi ná seln-
 um, ok vildi þat eigi; réðst til síðan ok fekk
 banat selnum. Enn á varð slys við; því selrinn
 beit í lær honum, ok varð Þórði at því mein.
 Þórðr kom heim ok lét selinn til gera, enn ætlaði
 at leyna bitinu; enn því kom hann eigi á leið,
 ok hafðist illa sárit, ok kom svá, at hann lá í
 rekkju. Björn var eigi skamt í frá at sínu búi á
 Völlum, ok spurðist þangat, ok gerðu menn eigi
 um þat allorðfátt, hvat Þórði væri til meins,
 ok kvað Björn visu:

- (18) Hoddgeymir liggr heima
 — hér fregn um þats gegnir —
 sár fekk mýgir mörva
 misloitr af selreitum;
 enn þás út taka hrannir
 allhvass of sker falla
 færir lokkr of leiru
 ljótr kerlingu skjóta.

Spyrr Þórðr þetta ok heyrir kveðna vísuna, ok þykkir ekki góð, ok þó líkast vanda Bjarnar. Ekki svarar Þórðr hér í mót fyrst, ok er kyrt.

16. Nú er frá því at segja, at Þorgeirr, húskarl Bjarnar, mælti við hann á einuhverju kveldi; kvað hey eigi vera myndi sem þyrfti til nauta þeira, sem hann skyldi gæta, ok bað Björn til fara, at sjá fóðrit, hvárt hann ætlaði at endast mundi. Björn gerir svá sem hann beiddi; fara þeir ok koma til fjósanna, ok gekk Þorgeirr til fyrri; því at honum var þar gangr kunnari. Enn kýr hafði borit kálf, ok fell Þorgeirr um kálfinn, er lá í flórnum, ok mælti ilt; enn Björn bað hann kasta upp í básinn kálfinum; enn Þorgeirr kvað æ því betr þykkja, er sá skelmir lægi neðar, ok vill eigi til taka. Síðan tók Björn kálfinn ór flórnum ok kastaði upp í básinn. Heim fóru þeir síðan, ok segir Þorgeirr vinum sínum þetta, at Björn tók kálf ór flóri ok kastaði upp í básinn, — „enn ek vilda eigi.“ Enn þá váru þar gestir ok heyrðu frásögn Þorgeirs. Ok eigi miklu síðar kómu þeir sömu menn á Hítarnes til Þórðar, ok segja þetta. Hann segir, ok kvað Björn fengit hafa þar svá bæði kvenna ok karla, um slíka hluti at sjá, at eigi myndi nauðsyn, at hann byrgi kúm, ok kvað vísu:

(19) Hvat skyldir þú halda
heimaríkr „í skikkju“

— enn höfumk orku of skemdan —
 ár á mínu sári?
 Þat mun sorg: und saurgum
 seimþollr hala kollu
 remmitungls at røngum
 randskjalfr greiptu kalfr.

Þat sýnist mönnum ráðlegt, at sú vísa væri lítt borin; enn eigi varð vísan á dreif drepin, ok kom til eyra Birni, ok þótti honum ill, ok vildi eigi svá búit vera láta. Björn reið um sumarit á Hítarnes með sex tigu manna ok stefndi Þórði með vísuna, sem hann kallaði lög til standa. Enn þat mæltu beggja vinir, at eigi skyldu þessi mál til þings berast, ok skyldi þeir heldr sættast í heraði; enn þess var engi kostur; vill Þórðr eigi sættast á fyrir þingit. Þeir sættust á þingi, ok skal Þórðr gjalda hundrað silfrs fyrir vísuna; ok þess beiddist Björn í lögréttu, at hvárr þeira, sem kvæði nökkut í heyrn öðrum, at sá skyldi óheilagr falla; ok lofuðu þeir þat er ráða áttu, ok þótti vænna, at þeir myndi firr sauri áausast; ok fóru við svá búit heim; var nú kyrt at kalla.

17. Þess er nú við getit, at hlutr sá fanst í hafnarmarki Þórðar, er þvígít vinveittlegra þótti; þat váru karlar tveir, ok hafði annarr hött bláan á höfði; þeir stóðu lútir, ok horfði annarr eftir öðrum. Þat þótti illr fundr, ok mæltu menn, at hvárskis hlutr væri góðr,

þeira er þar stóðu, ok enn verri þess er fyrir stóð. Þá kvað Björn vísu:

(20) Standa stýrilundar
staðar
glíkr es geira sœkir
gunnsterkr at því verki;
.
.,
stendr af stála lundi
stýrr Þórrœði fyrri.

Þórði þótti ill sú tiltekja ok hneisa, er nið var reist í landi hans, ok hafði þetta á hendr Birni; ok eigi þótti honum yfirbót í vísunni, er Björn orti, ok reið nú um vórit eftir til Bjarnar við sex tigu manna, ok stefndi honum til alþingis um niðreising ok vísu. Enn ræddu þat vinir þeira, at þeir myndi heima sættast, heldr enn færa svá ljótt mál til alþingis. Björn vill þat eigi, ok koma til þings ok sættust þar á málit; ok hlaut Björn at gjalda þrjár merkr silfrs fyrir niðreising ok vísu; fara heim ok eru nú sáttir at kalla; ok er nú kyrt tvá vetr, svá at ekki er í frásögn fært.

18. Á enu þriðja sumri, um alþing, kom skip á Eyrum, ok váru þar á tveir frændr Þórðar, víkverskir menn ok bræðr; hét annarr Óttarr, enn annarr Eyvindr. Þeir váru skyldir Þórði í föðurætt hans. Hvárttveggi var garpr mikill. Þeir sendu Þórði orð, at hann kæmi á mót þeim; höfðu spurt virðulegan ráðahag

hans, ok hugðu at ráðast þangat til vistar. Ok er Þórðr spyr þat, riðr hann suðr á Eyrar ok fagnar frændum sínum ok býðr þeim til sín. Þeir fara með honum heim. Ekki var svá fárætt um viðskifti Þórðar ok Bjarnar, at ekki hefði þessir menn heyrt um rætt áðr; ok var sá orðrómr á, at Þórðr hefði oftast minna hlut. Þeim líkar þat illa; því at þeir vǫru ofskapsmenn, ok kváðust þat sjá kunna, at Björn væri eigi svá mikill fyrir sér sem sagt var, at menn muni eigi fá mega af honum jafnan hlut, ok fýsa Þórð til at sitja eigi við svá búit. Heraðsmenn eigu oft ferðir út á Snæfellsnes eftir fiskiföngum, ok öðru því er þar getr at kaupa. Nú bar svá til, at Björn fór á Ströndina, til Saxahváls, til Arnórs mágs síns, at fiskakaupum: var honum þar vel fagnat. Þórhildr föðursystir Bjarnar ræðir um þat við hann: „Bæði er Björn,“ segir hon, „at þú ert mikill fyrir þér, enda þykkist þú svá; kann vera þér þykki ek örórð; mér sýnist óráðlegt, at fara við annan mann, svá sökótt sem þú átt; eru þeir menn komnir í heraðit, er oft hafa eigi unat skerðum hlut; ok þeir vitu, at Þórðr hefir oft minna hlut, enn þú; kann vera, at þeir vili þat rétta. Ek á einn son hér, er Þorfinnr heitir; hann býð ek til fylgdar við þik; enn ærin er honum þó vist heima. Nú em ek fegin kvámu þinni; enn þó fegnari, ef þú værir við tólf menn jafnlega, sem

Þorfinnr son minn er, ok þaðan af fleiri; öllum myndi beini vera veittr; enn siðr værir þú upp gerr af bráðungu fyrir óvinum þínum“. Björn mælti: „Haf þú þökk fyrir boð þín ok góðvilja, ok mun ek þiggja, at Þorfinnr sé í minni för, enn eigi veit ek, at nauðsyn sé til at fara með fjölmenni“. Þar er Björn þrjár nætr í góðum beina.

Þórðr Kolbeinsson spyr, at Björn er eigi heima ok var farinn út til Saxahváls. Nú gefr hann sér erendi út á Ströndina, ok ferr með tólfta mann út í Beruvíkrhraun. Þar vóru frændr hans í för, Óttarr ok Eyvindr. Ok er þeir eru þar komnir, þá segir Þórðr þeim, hvat undir förinni var, at hann ætlar at sitja þar fyrir Birni; kvað hans utan ván frá Saxahváli ok kvaðst ætla at taka hann af lífi. Þeir svara, frændr hans, sögðu ódrengilegt tólf mönnum, at sitja fyrir tveimr; létust eigi mundu hafa heiman farit með honum, ef þeir vissu þetta, ok bjóða Þórði þann kost, að sitja fyrir Birni með tvá menn, ella vilja þeir tveir sitja fyrir honum bræðrnir. „Nú ætlum vit, þótt Björn sé vel vígr maðr, þá er þó gert þar fyrir, þviat vit væntum, at förunautr hans muni óviglegri enn hvárr okkarr. Enn við tólfta mann sitjum vit aldri fyrir honum“. Þórðr mælti: „Segjum svá frá förinni, þá er vér höfum reynt, hvárt eigi þarf þetta lið við Björn at eiga; enn sé ek, at

bæði er, at þit eruð vaskir menn, enda þykkir ykkur svá. Með því at þar sé um at kjósa, sem þit sögðuð áðan, þá sitir þit fyrir honum, enn vér munum brott ríða“. Þat vilja þeir. Þórðr víkr nú í brott, svá at hann varð ekki við riðinn, er þeir sátu fyrir Birni, bræðrnir, ok þótti sér horfa et vænsta.

Nú er at segja frá Birni, at hann býst í brott frá Arnórs, mágs síns; þá kom húsfreyja at ok mælti: „Þat er mitt ráð“, segir hon, „at Björn fari eigi heðan fámennri enn við tólfta mann inn yfir Beruvíkrhraun, þvíat svá hefir mik dreymt til, at Þórðr muni þar sitja fyrir þér, þvíat hann er ráðugr“. „Þat mun hann eigi gera“, segir Björn, „ok mun hann nær bæ sínum gera, ef hann vill“. Nú ríðr Björn, ok fara þeir þrír saman frá garði. Þegar þeir váru nýfarnir, þá mælti Þórhildr við Arnór bónda sinn: „Ef Birni verður nökkut til meins í dag“, segir hon, „þá munum vit eigi til einnar rekkju í kveld“. Ok nú við hennar atkall þá ferr Arnórr heiman við níunda mann, ok kom eftir þeim við hraunit. Björn fagnaði honum vel ok mælti: „Brátt reittu eftir mér nú, mágr!“ „Því sætir þat“, segir hann, „at mér þykkir þú seinn í boðunnum við mik, ok mun ek nú bjóða mér sjálfr“. „Svá má vera“, segir Björn; stíga nú af baki ok leiða hrossin yfir hraunit, þvíat þeir höfðu draga mikinn

með at fara. Björn ok Arnórr fóru fyrstir. Björn hafði krókaspjót í hendi ok hjálm á höfði ok var gyrðr sverði ok skjöldr á hlið, enn Arnórr þvari hafði sverð í hendi, ok hendi um öxl til, ok belti um sik miðjan. Þeir gengu hraungötuna. Ok þat sjá þeir bræðr, at fleiri menn fara hér, enn þeir væntu, at Björn mundi hafa með sér, ok þótti för sín ill, ef hann væri eigi, enn þeir leitaði undan, ok nú biða þeir; þar nú brátt at, ok finna eigi fyrr, enn Björn kom at þeim. Eyvindr var þeira ellri bræðranna ok veitti hann Birni tilræði ok hjó til hans með breiðöxi, ok kom í hjálminn ok sveif ofan, ok tók hyrnan skjaldarfetilinn, ok varð Björn sárr á bringunni ok á fæti í öðrum stað; hvártki var það mikit sár. Óttarr hjó til Arnórs í höfuð honum, ok af eyrat ok af kinnarbeininu, ok stöðvar höggit í sverðinu, er hann hafði um öxl sér. Björn kastaði skildinum frá sér á hraunit, ok hjó til Eyvindar, ok var þat banahögg, ok fellu þeir þar báðir bræðrnir. Þá kvað Björn vísu:

(21) Veitat 'kona kneytir'

— kom drengr við styr lengi —
 hinns of eyki annask,
 ørmálugr þat gørva,
 hvar böðserkjar birki
 — beit egg í tvau leggi;
 traudr es ætva eyðir
 einvígis — lætk hníga.

Nú binda þeir mágar sár sín ok kasa þá þar
bræðrna í hrauninu, ok síðan óhelga þeir þá,
sem lög lágu til, fyrir athlaup ok fyrirsát. Enn
Þórðr Kolbeinsson var þar skamt í frá ok vissi,
hvat títt var, ok þótti eigi færi at þeim at
sækja, er þeir váru svá margir saman, ok fór
hann heim ok varð ekki við riðinn við þenna
atburð. Hann var spurðr, er hann kom heim,
hvar hann hefði komit lengsta, enn Þórðr kvað
vísu í móti:

- (22) Hvestum tolf — enn tvístir —
társ mæð — gefendr váru
Leifa vegs — í laufa
laungögl Berubrauni.
Ofláta sák ítran
— áðr sték fljótt á grjóti;
hafa vildu þá höldar
herðimann — í gerðum.

Ok enn kvað Þórðr aðra vísu:

- (23) Þorns, veit ek, berr Birni
Baldr rógs sögu skjaldar
— neytr þykkisk sá nýtir
naðrbings — enn mér aðra,
þvítt enn — þótti betri
þögn élviðum Högna —
núð elðskerðir orðinn
eggleiks bani tveggja.

Arnórr fór nú heim ok varð heill sára sinna.
Björn fór nú heim ok nokkurir menn með hon-
um, fleiri enn heiman fóru. Ok einn dag orti
Björn þessa vísu:

(23) Dat vilk Þórðr at frétti,
 — þess unnum Bör gunnar;
 ops búinn veik frá veiti
 vægja suðr með ægi —
 at þar einir hittamsk
 — jókk tafu í dag hrafni —
 hafviggjar fyr hneigi
 hnigu tveir viðir goira.

Björn verðr heill brátt sára sinna, ok var kyrt eftir þetta. Ekki var nú eftirmál um þá bræðr. Þórðr lét þá færa til kirkju.

19. Svá vilja menn segja, at Kálfr illviti bjó nökkura vetr í Hraundal, sem fyrr var sagt, enn eftir þat seldi Björn honum Hólmi at leigu, enn Björn ok þeir feðgar bjuggu þá á Völlum. Þar niðr frá er Grettisbæli, ok var Grettir þar í raufinni þann vetr, er hann var með Birni, enn hann bjó þá á Völlum. Þeir lögðust ofan eftir ánni, ok vóru kallaðir jafnsterkir menn. Á Völlum lét Björn gera kirkju ok helga með guði Tómasi postula, ok um hann orti Björn drápu góða. Svá sagði Rúnólfr Dálksson. Því brá Björn búi í Hólmi, at hann þóttist vanfærr til at hafa tvau bú, þótt hann hefði svá fyrst nökkura vetr, er hann hafði við tekit búi föður síns; enn nú var hann gnógr orðinn um kvikfé, ok skorti nú ekki til, at hafa tvau bú, ok var hann nú í Hólmi ok kona hans, enn Arngeirr á Völlum ok þau hjóu. Ekki hafði vingott verit með þeim Kálfi ok Birni

fyrir meir, þá er Kálfr var í förum með Þórði ok ráðum, ok þótti hann heldr tillagaillr; enn nú gerist vinskapr, er þeir feðgar bjuggu á landi hans, ok áttu þeir fjárreiður saman.

Nú er frá því at segja, at Kálfr illviti keypti sér land fyrir vestan Hítardalsheiði, þar sem heitir Selárdalr. Þar má kalla tvá bæi, ok heitir at Hurðarbaki annarr. Þar bjó sá maðr, er Eiðr hét, ok átti tvá sonu við konu sinni; hét annarr Þórðr, enn annarr Þorvaldr. Þat var samtýnis við bæ Kálfs í Selárdal. Ok um haustið eftir, er Kálfr hafði fært bú ór Hólmi vestr í Selárdal, gerði Þorsteinn, son Kálfs, ferð sína suðr yfir heiði ok fór á Hítarnes til Þórðar, ok var þar vel við honum tekit, ok segir Þorsteinn erendi sitt, at hann vill kaupa klyfjar sela. Þórðr mælti: „Hví lætr Björn, vinr yðarr, yðr eigi hafa slikt, sem þér þurfið, er verit hafið vinir hans?“ Þorsteinn mælti: „Eigi hefir hann veiðiskap til.“ Þórðr mælti: „Veiztu gerla vinfengi hans til yðar? Mik minnir, at hann lýsti til fjár á hendr yðr í sumar á alþingi, ok mun svá ætla at gera á hendr yðr stelafé, at þér finnið eigi fyrr, enn hann hefir sekta yðr, ok mun þá ætla sér land-it, þat er þit búið á, ok mun hann nýta, at eiga land jafnt fyrir vestan heiði sem fyrir austan eða sunnan“. Þorsteinn kvaðst þat ekki spurt hafa. „Þat er nú“, segir Þórðr, „at þit

eruð menn grunnsæir ok meirr gefit málróf enn vitsmunir, ok munu þit eigi finna fyrr enn hann hefir ykkur upp teft um fjárreiður. Viti þit ekki um ráð Dálks, frænda ykkars, ok vilduð við Björn enn eiga; enn vit Dálkr urðum á einu máli um viðskifti yður ok vildum ráða Björn af hendi, fyrr enn hann sekti yðr. Enn þú þættir mér líkleggr til að höggva stórt, ok muntu mega miklu afla, ok væri þér happ í ok karlmenska, ef þú fengir hann af ráðit ok yrðir skjótari at bragði, enn síðan mættir þú fá ríkra manna traust“. Þorsteinn trúði þessu. Þórðr kvað hann hafa skyldu erendi sitt, sem hann beiddi, — ok vil ek ekki fyrir hafa nema vingan, þvíat þú skalt koma í Hólm, er þú ferr heim, ok seg, at þú munt koma síðar at leita geldfjár; ok seg föður þínum ekki til um þetta, er þú kemr heim“.

Nú ferr Þorsteinn á brott með fenginn, ok gerði sem Þórðr bauð; kom í Hólm ok segir Birni, kvaðst síðar mundu vitja sauða, er þeir höfðu þar átt feðgar. Síðan fór Þorsteinn heim ok færði föður sínum fangit. Ok eigi miklu síðar fór hann suðr um heiði ok kom í Hólm aftan dags, ok menn sátu við elda. Þorsteinn drap á dyr, ok gekk Björn til hurðar ok heilsaði honum ok bauð honum þar at vera. Hann lézt mundu fara lengra, ofan til Húsafells til Dálks, frænda síns, ok bað Björn leiða

sik á götu, — „ok skulum vit skipa til, at ek mega ná sauðfé mínu á morgin ok reka heim“. Nú gengr Björn með honum ór garði ok þóttist finna, at hann ræddi ekki af hugðu um rétta skipan, sem hann væri hugsí, ok litverpr mjök. Björn segir, er þeir kómu í hraunit, at hann muni aftr hverfa. Þorsteinn hafði bolöxi í hendi í hávu skafti ok bitrlega, enn var sjálfr léttbúinn at klæðum. Birni kom í hug, at hann hafði komit til Þórðar, áðr hann færi vestr. Hann sá Þorstein vera litverpan ok grunaði, at hann mundi vera flugumaðr; hopaði frá honum nökkut ok gaf honum færi. Þorsteinn lýsti brátt yfir, hvat honum bjó í skapi: hann reiddi upp öxina ok vildi færa í höfuð Birni. Enn Björn rann undir höggit, þvíat honum var þessa alls ván — ok tók um Þorstein miðjan ok hóf upp á bringu sér; honum varð laus öxin ok fell hon niðr; síðan keyrði Björn hann niðr ok eigi þyrmilega, svá at honum var litils vant, ok tekr um barka hans ok kyrkir til þess, at hann var dauðr, ok hafði engi vápn við hann. Síðan kasaði Björn hann þar í hrauninu ok gekk heim eftir þat. Húskarlar hans spurðu, hvar þeir Þorsteinn hefði skilit. Hann kvað vísu:

- (25) Kalfs veitk, at son sjalfan
 — sverða goðs — á roðnum
 — radd-kappi né kvíddum —

Klifjörva namk fjörvi;
 ok vágum þorn þeygi
 Þundar gráps með vápnum;
 fall varð fleygipolli
 fjörgrand Niðar branda.

Björn svaf af um nóttina, enn um morgininn stóð hann upp ok fór þegar með húskörlum sínum þar til, er hann hafði dysjat Þorstein, ok nefndi vátta ok óhelgaði hann at lögum. Síðan reið Björn vestr um heiði til Kálfs ok bauð honum bætr fyrir son-sinn, eigi af því, at þess væri vert, heldr fyrir vingan þeira ok þeir höfðu áðr búit á landi hans ok áttu enn fjárreiður saman. „Enn ek veit“, segir Björn, „at þetta hafa verit ráð Þórðar, er Þorsteinn veitti mér tilræði.“ Kálfr kvaðst vilja bætr taka, ef hann hefði sjálfðæmi, enn eigi ella. Björn kvað þess eigi kost, ok kvað Kálf ógerla kunna sik, þar sem hann bauð honum at bæta óhelgaðan mann; reið á brott síðan, ok hefir Björn nú drepit þrjá menn fyrir Þórði ok gert alla ógilda at lögum réttum.

20. Um várit fór Björn at reka geldinga sína neðan af Völlum ok upp eftir dalnum þeim megin sem Húsafellsbær er, ok húskarl- ar hans með honum, ok sá kolreyk í skóginn ok heyrðu manna mál; hlýddust um, hvat þeir mæltu. Þorkell Dálksson ok húskarl hans ræddu um mál þeira Þórðar ok Bjarnar ok um

verka þann, er hvárr jós á annan, ok þat var með mörgu móti, ok þokkar húskarlinn heldr með Birni enn Þorkell með Þórði. Enn þann veg var farit, at þeir þrættu um, hvárr háðulegar hefði kveðit til annars. Enn þá hafði Björn eigi miklu áðr ort flím um Þórð, ok var þá ærit heyrumkunnigt nökkurum mönnum. Enn þau váru þar efni í, at Arnóra, móðir Þórðar, hefði etit þann fisk, er hann kallaði grámaga, ok lét sem hann hefði fundizt í fjöru, ok hefði hon af því áti hafandi orðit at Þórði, ok væri hann ekki dála frá mönnum kominn í báðar ættir. Enn þetta er í flíminu:

(26) Fiskr gekk á land,

enn flóð á sand,
hrognkelsi glíkr,
vas á holdi slíkr.

Át einhaga
ylgr grámaga
meinblandit hræ —
mart's ilt í sæ.

(27) Óx brúðar kviðr

frá brjósti niðr,
svát gerðu eik
gekk heldr til keik;

.....
.....

ok aum í vömb,
varð heldr til þömb.

(28) Sveinn kom í ljós,

sagt hafði drós

auðar gildi,
 at ala vildi:
 henni þótti sá
 hundbitr, þars lá,
 jafnsnjallr sem geit,
 es í augu leit.

Nú segir húskarlinn, at honum þótti Þórðr ilt af fá, bæði um kveðskap ok alt annat, ok kvaðst ekki annat jafnilt heyrt hafa sem Grámagaflím, er Björn hefir ort um Þórð. Þorkell kvað þó miklu háðulegri Kolluvisur, er Þórðr hefir ort um Björn. Húskarl kvaðst þær aldri heyrt hafa — „eða kantu visurnar?“ „Eigi þykki mér örvænt, at ek kunna, enn ekki er mér um at kveða, ok er þat af tekit, ok svá var mælt, at sá skyldi óheilagr falla, er visu kvæði í heyrn Birni; er þetta þarfleysa, þótt hann heyri eigi“. „Duga mun þér“, segir húskarl, „mér er á forvitni mikil, enn nú mun Björn ekki heyra“. Þeir eigast við lengi; ferr Þorkell undan enn húskarl eftir: kvað nú fá vera um at sjá. Síðan lætr Þorkell at eggjast ok kveðr visurnar. Þá hleypr Björn fram at þeim ok kvað fleira mundu til verkefna enn kenna Kolluvisur — „eða hvárt er“, segir hann, „at þú mant eigi, at sá skyldi óheilagr falla, er kvæði visu, eða vildir þú engan gaum at gefa?“ Þorkell kvaðst ætla, at hann mundi standa á hleri, — „ok er ekki þínlegt“, segir hann, „enda hygg ek, at ekki munir þú sá konungr yfir mönnum, at

eigi munir þú láta menn fara frjálssa fyrir þér“, ok kvaðst slíkt eigi vilja. Björn mælti: „Eigi mun ek yfir öðrum konungr, ef ek em eigi yfir þér“, ok hjó hann banahögg. Enn húskarl fór heim ok sagði Dálki tíðendin. Hann harmar mjök son sinn ok þótti ósýnilegt um bætr, enn hafði áðr ætlat hjá að sitja málum Þórðar og Bjarnar. Nú ferr Björn heim ok hefir mart manna með sér fyrst eftir vígit. Dálkr ferr á fund Þórðar Kolbeinssonar ok sagði honum vígit ok sakirnar, ok þótti Þórði mjök af sér hlotizt hafa, ok bætti hann Dálki fébótum ok tók við málinu til sóknar, er eigi kæmi sættir á; enn Dálkr skyldi fylgja Þórði um eftirmál, slíkt er hann mætti. Ok eftir um várit leitar Dálkr um sættir við Björn, enn hann svarar vel ok neitti eigi at bæta. Eftir þat býr Þórðr mál til þings á hendr Birni. Ok er menn koma til þings, þá vill Þórðr halda fram vigsök, enn Björn fekk vörn í málinu ok bar þá vöru fram, at svá hefði mælt verit, at sá skyldi óheilagr falla, er visu kvæði, svá at hann heyrði; enn hann kvaðst heyrt hafa, er Þorkell kvað, ok kvaðst fyrir þá sök drepa hann; ok hlýddi vörn sú, ok ónýttist málit fyrir Þórði.

21. Þat hafði verit um sumarit, at Kolli enn prúði var ungr, at Björn kom til leiðar, enn sveinninn rann þar nökkurra vetra gamall ok

et fríðasta mannsefni. Björn spurði, hvers son sveinninn væri, enn maðr svaraði honum ok kvað vera son Þórðar Kolbeinssonar ok heita Kolla. Björn kvað vísu :

(29) Leitk, hvar rann hjá runni
 runnr dökkmara gunnar
 ægilegr í augum
 iðglíki mér víka;
 segja þröngvar þeygi
 þat barn víta Marnar
 hesta hleypi rastar
 hlunns sinn föður kunna.

Ekki var breytt um faðerni Kolla, þótt Björn þætti hriðum mæla um í vísum sínum, hver ván honum þótti á vera.

22. Einn vetr var þat sagt, at Björn hafði skógarmenn nökkura með sér ok lét þá virki gera um bæ sinn. Ok um sömu skógarmanna-
 björg sótti Þórðr Björn ok hugðist at réttast, ef hann mætti, er Björn hafði ónýtt mál fyrir honum, ok hugðist nú vera mundu saksælli. Björn svarar fyrir þeim á alþingi ok kvað Þórð nú með réttu ganga ok satt mæla ok kvaðst eigi vilja synja laga um þetta mál, ok kvaðst vilja bæta fé fyrir þetta mál. Þeir sættust hér um, ok galt Björn slíkt, sem gert var.

Svá bar at nökkuru síðar, at Þórðr Kolbeinsson barg tveimr skógarmönnum ok fekk þeim vist í Hraundal at Steinólfs, er átti Þórhöllu

Guðbrandsdóttur. Björn spurði þetta; reið heiman ok til sels Steinólfs ok hitti mann þann í Grjótárdal, er þar bjó ok Eiríkr hét, ok gaf honum til kníf ok belti, at hann segði honum, þá er skógarmenn færi til skips, þeir er hjá Steinólfi váru. Hét hann honum því ok helt vörð á síðan. Enn Þórðr ætlaði at koma þeim utan ok fá þeim þeim fé nökkut; þóttist þá leysa þá bezt af hendi. Ok þat hafði Björn spurt, at þann veg var til ætlat. Nú kemr þar, er þeir fara á leið til skips; búast um kveldit ok fara um nóttina. Ok er Eiríkr varð varr við, ríðr hann upp í Hólm ok segir Birni, enn hann brá við þegar ok reið eftir þeim; enn leið þeira lá út yfir Hítará. Björn ríðr eftir hart ok hittir þá um nóttina, áðr enn þeir kómu yfir ána; ok er skamt frá at segja, at Björn drap þá báða; dró þá síðan undir klett einn ok kasaði. Hann hafði heim fjárhlut þann, er þeir höfðu haft. Þórðr átti hrossin, er þeir fóru með. Ok ofanverða nótt ríðr Björn heiman ok hefir hrossin með sér. Hann kom svá snimma á Hítarnes, at menn váru eigi upp risnir, ok lét Björn þar laus hrossin, er skógarmenn höfðu haft; hittir síðan Þórð ok mælti: „Þat er þér at segja, at ek hefi drepit skógarmenn þína, þá er þú hefir á hendr tekizt. Nú með því, at þér mislíki, er þat ráð at standa upp ok hefna þeira“. Þórðr

mælti: „At réttu máttu kappi heita“, segir hann. Björn mælti: „Hvat skal at nafnfesti?“ Þórðr kvað hann mundu hafa fé þat, er hann tók af skógarmönnum. Nú skilja þeir at sinni, ok riðr Björn heim; ok kemr enn sá orðómr á, at Þórði hafi þetta eigi orðit til virðingar; þykkir honum þungt veita.

23. Nú er frá því at segja, at eitt sinn áttu þeir hestaping, Björn ok Þórðr, hjá Fagra-skógi, ok kómu þeir fyrr enn alþýða heraðsmanna. Þá var Þórðr beðinn skemtanar ok tók því eigi fjarri. Enn þat var upphaf, er hann kvað vísur þær, er hann kallaði Daggeislavísur. Þær hafði hann ortar um Þórdísi konu Bjarnar, enn hana sjálfa kallaði hann jafnan Landaljóma. Björn hlýddi skemtan et bezta, enn lét eigi þurfa sik skemtanar at biðja ok at sjá hér í mót, ok er Þórðr hafði lokit, tekr Björn ok skemtir vísu þeim er hann kallaði Eykyndilsvísur. Ok er lokit var, spurði Þórðr syni sína, Arnór ok Kolla, hvé þeim líkaði þessi skemtan. Arnórr mælti: „Víst líkar mér illa, ok eigi um slíkt sætt.“ Kolli mælti: „Eigi sýnist mér svá; mér þykkir jafnskapnaðr, at verki komi verka á mót.“ Nú er kyrt, ok koma heraðsmenn ok hafa slíka skemtan, sem ætlat var, ok er ekki getit, at þar yrði fleira til nýlundu. Er nú sem fyrr, at Þórðr undi hvergi betr við enn áðr.

Enn er þess getit einu sinni, at þeir höfðu mælt til skemtanar ok hestavígs, ok gekk Björn at mjök ok keyrði hestinn annan ok hafði digran hestastaf í hendi. Þórðr sat á hrossbaki ok reið svá hjá mannhringnum ok sá á vigit. Ok þá er Þórðr bar inn mest í hringinn, leggr hann spjóti til Bjarnar, er hann hafði í hendi, ok kom í herðarblað honum. Björn snarast við ok reiddi stafinn ok rak við eyra Þórðar, svá at hann fell af baki; ok þá var eigi kostur fleira at gera, þvíat menn hlupu á milli ok skildu þá. Ekki er annars getit, enn þeir léti þetta á ganga; ok er nú kyrt um hrið.

24. Nökkurum vetrum síðar koma bræðr tveir af Hornströndum til gistingar á Hítarnes til Þórðar ok váru þar um nótt; ok um morgininn biðja þeir Þórðr ásjá ok segja honum hvat þeim var á höndum. Þórðr segir: „Gera mun ek kost á þvílíku við yðr.“ Þat var snimma um várit. Beinir er annarr nefndr enn annarr Högni. Þeir spyrja, hver kostinn væri. „Ekki mun hann nýtilegr þykkja“, segir Þórðr. „Ek mun gefa ykkur til hundrað silfrs, at þit sitid um líf Bjarnar ok færid mér höfuð hans; ek mun nú fá ykkur hálf hundrað, enn hálf, er þit komid aftr.“ Þetta var kaup þeira. Þórðr hét þeim á ofan ásjá sinni. Þeir kváðu sér eigi ægja mundu, at ráða at

Birni, ef þeim gæfi færi til. Nú fara þeir upp í dalinn ok koma í Hólm til Bjarnar, er fé var á stöðli um aftaninn. Þeir hittu Þórdísi, konu Bjarnar, hjá dyrum, ok spurðu, hvar Björn væri; kváðust eiga við hann erendi. Hon vísaði til hans; kvað hann genginn í haga. Ok er hon kom inn, segir hon Þórdísi, móður Bjarnar, frá hjali þeira er komnir váru. Hon kvaðst ætla, at vera mundi flugumenn. Ok er Kolbeinn, heimamaðr Bjarnar, heyrir þetta, þá tók hann skjöld Bjarnar ok sverð ok hljóp með þangat, er hann vissi, at Björn var, ok færir honum, ok kom hann fyrri, því at honum var kunnara, hvar skemst var, ok segir Birni, at hann kvaðst hyggja, at flugumenn mundu koma at finna hann. Björn þakkaði honum ok gekk síðan til sauðahússins með vápnum sínum ok inn í húsit, ok þat sjá þeir ok fara þangat. Ok er þeir koma at húsinu ok hugsa, hvern veg þeir skuli sækja hann, þá hljóp Björn út að þeim váðveiflega, at þá varir minzt, ok þrífr hvárntveggja höndum; enn þar mikill knáleikamunr; skiftist þat annan veg til enn ætluðu. Hann batt þá báða hendr á bak aftr, enn lét lausa fætr ok bar ekki járn á þá; síðan stakk hann öxum þeira undir bönd at baki ok biðr þá fara ok sýna sik Þórði. Af þeim tók hann silfrit ok gaf þat Kolbeini. Þeir fara í brott, ok þykkir ill orðin ferð sín ok hneisuleg; koma

svá búnir á Hítarnes. Þórðr kvað sér ekki mönnum at nær, þótt þeir væri, ok rak þá á brott.

25. Kona er nefnd Þorbjörg. Hon bauð Birni heim fyrir vináttu sakir, ok þiggr Björn boðit, ok er þar með henni þrjár nætr í góðum beina. Ok ena síðustu nótt lét hann illa í svefni, ok er hann vaknar, spyr húsfreyja hann, hversu hann dreymdi, eða hví sætti, er hann lét svá illa er hann svaf. Hann segir : „Mér þótti, sem sex menn sætti mik, ok þótti mér nær þurfa handa við; kann vera, at þá hafir þú heyrt til mín.“ „Þat er auðsætt“, segir Þorbjörg, „manna fylgjur eru þat, er illan hug hafa á þér; ok vil ek, at þú farir eigi heðan, áðr vit spyrjum, at engi tálmi ferð þína, eða siti fyrir þér; ella far þú aðra leið, enn þú fórt hingat, þótt hon sé lengri nökkut, því at hinnar munu þeir gæta, er þinn fund vilja hafa, er skemst er ok alþýðuleið er.“ „Svá skal vera“, segir hann, „at ek mun fara leið aðra.“ Nú býst hann heimleiðis ok þakkar henni vel beina áðr þau skiljast. Ok er hann kom ór garði vill hann fara þá götu, er skemri er; ferr um hrið ok sér menn fyrir sér at sauðahúsum nökkurum. Hann þóttist vita, at Þórðr mundi vera ok menn með honum; sjá þóttist hann sex menn. Björn bjóst við at verja sik ef þyrfti. Hann var í blári kápu, ok gyrði

hana at utan, ok brá síðan sverðinu. Hann hafði spjót í hendi haft, ok sendir þat fram í veginn, þegar hann kom í skotfæri við þá, ok varð þar fyrir maðr, er Steinn hét ok var Guðbrandsson, ok stóð í gegnum hann, ok fekk þegar bana. Þá hljóp maðr at Birni, milli þeira Þórðar, er Þorbjörn hét, ok var Björn þar skjótari ok vann á honum, ok kom í ennit; þat var lítit sár. Síðan hjó Björn til Þórðar; enn hann tók ráð et vitrlegasta: lét fallast undan högginu, ok skeindist hann þó líttat. Ok er hann stóð upp, var ekki Birni veitt lengr atsókn, ok skilja við svá búit; fara nú hváirtveggju heim.

26. Systir Bjarnar bjó í Knarrarnesi, ok fór hann þangat um vetrinn ok var þrjár þar nætr, ok dreymdi hann hverja nóttina þat er honum þótti um vert. Hon spurði, áðr þau skildust, hvat fyrir hann hefði borit; enn hann kvað visu þessa:

Draum dreymdumk nú, Nauma
niðbrands skarar landa,
koma mun Yggr at eggjar
enn bragðsmíðar kenni,
báðar hendr í blóði
— brant kaldhamars nauta —
mér of kendr í mundum
Mæringr roðinn væri.

Þórðr hafði spurt um ferð Bjarnar, ok ferr á leið hans með níu menn, ok sitr fyrir honum

við Hítará. Björn ferr heimleiðis, ok sér menn fyrir við ána, ok þykkir nú at sýnu ganga, at Þórðr mun vera. Hann býst við, rétt sem et fyrra sinn, ok vill enn við nema, þótt liðsmunr sé mikill. Ok er hann kom at þeim, sækja þeir at honum öllum megin, ok fær hann eigi hlíft sér, ok koma þeir á hann sárum, ok sér hann, at honum mun ekki svá búit duga. Síðan hljóp hann út á ána, ok svam yfir ána með vápn sín; var skjöldrinn á baki honum. Austmaðr var með Þórði, ok skaut spjóti eftir Birni, ok kom í skjöld hans. Ok er Björn kom af ánni, skaut Kolbeinn, son Þórðar, spjóti yfir ána til Bjarnar ok kom í læri honum enn Björn tók spjótit ok skaut yfir ána til þeira, ok varð maðr fyrir ok flaug í gegnum hann, ok tók Kolbein Þórðarson, er sat at baki honum, ok höfðu báðir bana. Þar skilr með þeim; ferr Björn heim. Konu hans fell nær, er hon sá hann blóðigan heim koma, ok ætlaði at mikit mundi at orðit, enn hann kvað ekki saka mundu ok varð heill, er skamt leið. Þórði líkaði stórilla.

27. Þorsteinn hét maðr ok var Kuggason. Hann bjó í Ljárskógum. Hann var auðigr maðr at fé ok vel kynjaðr, ok þótti vera ójafnaðarmaðr. Hann var mægðr við göfga menn ok góða drengi. Þorfinna hét kona hans, ok var næstabræðra Þórdísi, konu Bjarnar. Þeir Þórðr Kolbeinsson ok Dálkr skoruðu á Þorstein um

liðveizlu móti Birni; þótti sér þungt veita vilja móti Birni. Enn Þorsteinn kvaðst þá eigi viðlátinn at sinni — „þætti mér þá á hann bezt máli at fylgja, at þit fáið Birni nökkura sök nýja; ok mun þat hægt; því at ek veit, at maðrinn er ekki sakvarr; ok mun ek þá veita ykkur lið“. Nú þótti Þórði vænt horfa. Ok fyrir þessi vinganarheit Þorsteins býðr Dálkr honum til jóladrykkju, ok bað hann vera svá fjölmennan sem hann vildi. Þetta var um vár-it fyrir þing. Enn er menn kómu af þingi um sumarit, þá heldu menn vörðu á sér, ok tókust af mjök heraðsfundir, ok vildu menn nú varir um vera, at þeir fyndist miðr enn meirr, Þórðr ok Björn, enn þá er nú kyrt.

Um vetrinn eftir, fyrir jólin, bjóst Þorsteinn til ferðar, til at sækja jólaveizlu til Dálks. ok riðr nú á Ströndina, út til Þorgeirs Steinsonar, frænda síns, á Breiðabólstað, ok latti hann Þorstein suðrferðar, ef hann vildi hans ráð hafa. Þorsteinn vill ekki annat enn fara, ok fór hann með tólf menn. Þar var Þorfinna kona hans með honum. Hon var dóttir Vermundar ór Vatnsfirði. Þau fóru á Dunkaðarstaði til gistingar, til Özurar, föður Kálfs; enn fara daginn eftir suðr á Knappafellsheiði, enn gistu á Hafsstöðum í Knappadal. Þar bjó sá maðr, er Hafr hét. Um morgininn váru tvær leiðir fyrir um Hellisdalsheiði — sá gengr

af Klifsdal — ok fóru þau þá leið : upp Helligsdal, enn ofan Klifsdal; hann gengr gegnt bæ Bjarnar í Hólmi. Veðrit gerði ilt: snæfall mikit. Þau koma ofan síð at stakkgarði, er Björn átti, er stóð á hjöllum, ok var þá fok mikit. Þar var fyrir maðr, ok bar út hey, ok gaf hrossum Bjarnar. Kvöddust þeir og spurðust tíðenda. Síðan mælti Þorsteinn: „Viltu segja oss leið ofan um hraun?“ Húskarlinn mælti: „Ekki ætla ek, at heimamenn Bjarnar eigi þér vingan at launa, ok mun ek eigi þat gera“. Þorsteinn mælti: „Hvat mun þá varða, þó at þú farir nauðigr, ef þér þykkir sá betri“. „Þat munuð þér mega“, segir húskarl, „ef þér vilið“. Veðrit versnaði bæði af foki ok frosti; enn húskarl var fyrr allr á brott. enn þeir fyndi, ok fór hann heim ok segir Birni, at hann þóttist ór öngum aka, ok kvað Þorstein Kuggason hitta sik, ok þau tólf saman, ok viljaneyða sik til leiðsagnar. Björn mælti: „Ef Þorsteinn er svá vitr, sem hann er harðr og kappsfullr, þá mun hann hér koma í kveld ok hætta sér eigi, þar sem nú er hann, enn ef hann ferr upp í dalinn gegn veðrinu ok niðr um hraun, um vötn ok torfærur, þá ferst honum eigi vel, ok látum svá sem hann komi hér í kveld“. Þorfinna reið, enn þeir gengu, ok váru þrekuð — því at þau höfðu vilt farit um daginn á heiðinni — ok sjá þetta, at húskarl var allr í brott; ræddust þeir við, hvat þá skal

til ráða taka. Veðrit versnaði að eins, enn náttmyrkr á við sik. Þorfinna mælti: „Ef yðr sleppr því meirr at festa hendr á Birni enn á húskarli hans, sem hann er meiri fyrir sér, þá verðr eigi för yðar einkargóð; ok veit ek, at Þorsteini þykkir einsætt, at vera honum mót-snúinn; enn mér þætti ráðlegt at virða tengdir við Þórdísi, næstabræðru mína, enn óráðlegt at hætta sér úti hjá bæ Bjarnar, enn þó lítillmannlegt, ok mjök undir hann lagit, hvernin í höndum hann vill hafa; förum heldr þangat; ok ef vér sækjum hann heim, þá höfum vér þar góðan beina; er hann drengr svá góðr“. Þorsteinn var þess alltrauðr ok fór þó. Ok litlu síðar sjá þau mann hjá öðrum stakkgarði, ok var þar Sigmundr, húskarl Bjarnar. Þorsteinn bað hann vísa sér veg ofan til Húsafells. Hann segir: „Ekki kann ek at vísa mönnum veg í foki eða náttmyrkri“. Hann sté þá á bak Hvítingi um síðir, ok reið fyrir ok fylgdi Þorfinnu, ok koma at Hítará, ok var hon upp gengin mjök, ok urðu þeir vátir á ánni. Ok þá grunaði Þorstein nökkut um leiðina, hvern veg hann reið fyrir, ok var sem hann grunaði, at hann fór þá leið, er heim lá í Hólmi; enn Björn var nær með þrjá tigi vígra karla; ok var þeim Þorsteini varla fært til bæjarins; því at skamt var eigi. Hann stóð undir Hólmsfjalli. Enn heimamaðr Bjarnar reið fyrir

alt at garði. Ok er þau koma þar ok drepa á dyrr, þá mælti Björn við húskafl þann, er hjá stakkgarðinum hafði verit, at hann gengi út, ok byði Þorsteini þar at vera, ef hann væri kominn ; „enn ek get“, segir Björn, „at honum þykkir þú eigi ráðandi, ok litit gott veita mega ok munu menn mæla, at sá laði hann, sem ráðin á. Þú segir, at þínu boði mun hann hlíta verða, eða fara brott ella“. Svá gerði hann sem mælt var ; ok fór sem Björn gat, at Þorsteinn kvaðst eigi at honum mundu laðorð þiggja, ok bað þann bjóða sér, er ráðin átti. Húskafl bað hann þetta þiggja, eða fara í brott ella. Þetta þá Þorsteinn ; því at hann sá eigi yfir, at þeir kæmust til bæja, ef þeir færi brott. Ok er þeir kómu inn, var þeim heilsat, ok síðan borð tekit. Eigi váru þar eldar gervir né skift um klæði, ok váru þeir vátir ok frernir. Björn spyrri tíðenda, ok heldr tómlega, af engri alúð ; enn konur unnu Þorfinnu góðan beina. Þorsteinn velkti mjök ráðin fyrir sér, hvárt eigi skyldu þeir brott um nóttina ; þótti alt af óþokka við sér tekit. Enn Björn kvaðst engan mann mundu til fá, at fylgja þeim í foki og náttmyrkri ; enn kvað óvandlaunaðan beina þann, er hann veitti þeim um nætr sakir. Feldir váru þeim fengnir yfir sér, því at skóklæði þeira váru frerin, ok máttu þeir eigi ór komast, er enginn var eldrinn gerr;

engi váru þeim ok boðin þurr föt. Ostr ok skyr var at náttverði; því at eigi var þá enn lögtekin fasta. Björn spurði Þorstein: „Hvern veg kalla menn slíka vist í yðvarri sveit?“ Hann svarar, ok kvað menn kalla ost og skyr. Björn mælti: „Enn vér köllum slíka vist óvinafagnað“. Þann veg var nætrbjörg þeira, at sumir komust ór brókum, ok hengu þær um nóttina á þili fernar, ok lögðust þá til svefns. Enn um morgininn snimma reis Björn upp ok sá til veðrs. Ok er hann kom inn, lauk hann aftr hurðu. Þorsteinn spurði, hvat veðrs væri. Björn kvað gott veðr hraustum mönnum. Þorsteinn kallaði á förunauta sína ok bað þá búast, ok gerðu þeir svá. Þorfinnu var fylgt til sætis í stofu. Ok er Þorsteinn kom út, var á foraðsveðr. Hann mælti: „Ekki er Björn veðrvandr fyrir vára hönd, ok kann hann eigi lítilmensku várri“. Björn heyrði hvat hann mælti: „Gefa mun enn ölmusulægi til Húsafells“, segir hann. Þorsteini óx móðr við átekjur hans, ok fór út í stofuna ok hitti Þorfinnu, ok var þar ein kona önnur; þar var hljótt og fámálugt; ok var Björn þar kominn. Frost fylgdi mikit veðrinu, ok váru stundum heið í himininn upp. Þá mælti Björn: „Á mun ek gera kosti, at þér séið hér til fjórða dags jóla, ok skuluð þér hafa allan þann beina, er ek kann veita yðr; enn þeir fari í brott, er þat þykkir betra; enn eftir mun Þorfinna vera, ok

þeir menn er kalnir eru“. Þorsteinn kvaðst eigi vilja týna mönnum sínum, ok kvaðst ætla, at þat mun vera mega, at fara hvergi, ok kvaðst þat kjósa. „Þá er vel“, segir Björn, „ok tóktu nú þat af, er ráðlegra var“. Síðan lét Björn gera elda mikla, ok bað Þorstein baka sik ok þurka klæði sín. Þorfinna eggjaði Þorstein, at þiggja af Birni alt þat er honum var þá betra enn áðr — „ok mun heðan af ekki af dregit við oss, enn várkunn á fáleikum hans í fyrstu; ok er þann veg farit hvarumveggja ykkrum, at betr sómir, at þit eigist gott við“. Þorsteinn þektist nú vel; sat við eldana ok förunautar hans, ok var Björn nú allkátr. Þá mælti Björn: „Nú hefir þann veg orðit“, segir hann, „at nauðr skyldi yðr til hökkut hér at koma; enn ek var fár við yðr hit fyrsta kveld, at ek ætlaða, at þér skyldið önnur hafa ölmælin á Húsafelli enn þau, at ek bæra friðgælur á yðr; enn heðan frá skal ek veita yðr sem ek kann bezt“. Ok var nú enn bezti beini, ok var þar sungit annan dag jóla; ok sátu þeir þar fjórar nætr af jólunum ok þágu vel, sem vert var. Ok þá létti hriðinni, ok kvað Þorsteinn þá búast skyldu; ok svá gerðu þeir. Björn sendir eftir stóðhrossum, er váru hjá stakkgarði; því at þeim var gefit um hriðina. Sá hestr var sonr Hvitings ok var alhvítr að lit, enn merarnar allar rauðar. Enn annarr sonr Hvitings var í

Þórarinsdal, ok var sá ok hvítr, enn merarnar svartar. Nú lætr Björn stóðhrossin önnur leiða til Þorsteins, ok kvaðst vilja gefa honum. Þorsteinn kvaðst eigi vilja þiggja at svá búnu — „því at ek em enn ekki af þér gjafa verðr; ok ef ek launa þér eigi beinann þenna, er nú hefi ek þegit, þá er ósýnt, at ek launa þér, þótt þú leggir meira til; enn ef ek geri at maklegleikum at launa beinann, mun ek þiggja hrossin, ok vita, at þau verði enn þá launuð at nökkurri mynd. Ek mun bjóðast til, at gera milli ykkar Þórðar um mál yður; því at eigi má svá búit standa. Þó at þú hafir ógilda menn lagit at jörðu, ok þat eigi fjarri lögum, þá munuð þér saman lenda, nema miðlat sé málum; ok mun ek segja þér, hvat ek mun gera. Þú skalt bæta hvern þeira nökkuru fé, þótt þú bætir minna enn at vilja þeira, ok þann skakka, er þar er á milli, mun ek bæta, ok munu þeir þá þykkjast hafa vel vegit.“ Björn mælti: „Því mun ek játa, er þú gerir, ok fel ek þér á höndum allan vanda“. „Svá er ok“, kvað Þorsteinn, „at ek mun nú undir ganga þetta.“ Björn fylgdi þeim á götu. Hrossin váru tjögur saman, er hann gaf Þorsteini.

28. Nú koma þau Þorsteinn til Húsafells. ok váru þar komnir áðr margir boðsmenn, ok þar var Þórðr Kolbeinsson, ok var veizlan góð. Hann tók vel við Þorsteini, ok fanst um færa

enn ella mundi, ef hann hefði eigi gist hjá Birni. Ok eftir enn átta dag fór Þórðr heim á Hitarnes ok þau Þorsteinn með honum, ok vǫru þar þá, þat er eftir var jólanna. Enn eftir jólin spyr Þorsteinn Þórð. ef hann vill trúa honum til, at gera um mál þeira Bjarnar, ok kvað hann því játat hafa. Þórðr kvað það vænlegt þykkja. „Enn þat þótti mér kynlegt“, segir hann, „at þú sazt hjá Birni um hriðina“. Þorsteinn kvað þó óvænlegra at ráðast út í foraðsveðrum, ok stefna sér til örkumla ok mönnum sínum. Vakít hafði Þorsteinn við Dálk um sáttirnar, áðr hann riði þaðan, ok var hann ótregr, at Þorsteinn skipaði með þeim. Nú kemr hann mjök oft á málit við Þórð, ok varð hann í öllu tregari enn Dálkr. Þorsteinn kvað þat þó mundu mál manna, at þeir hefði góða nefnd um sættir, þótt hann gerði; kvað ungt vinfengi þeira Bjarnar. Því kom þar máli við umtölur Þorsteins, at Þórðr játti ok allir þeir hans ummælum.

29. Þat er sagt, at sáttarfundr er lagðr undir Hrauni. Síðan var sent eftir Birni, ok kom hann með mikinn flokk manna, ok var hann úti með lið sitt, enn þeir Þórðr vǫru inni. Þorsteinn gekk þar um sættir. Ok er þeir höfðu við ræðst um stund, ok int til um sættina, horfðist á með þeim heldr enn eigi með umstilli Þorsteins. Þórðr mælti: „Enn

er vanvitat nokkut um sættina“. Þorsteinn spyr, hvat þat væri. „Um þat höfum vit ekki rætt, verka okkarn Bjarnar. Vil ek nú, at vit kveðim alt þat, er hvárr okkarr hefir ort um annan“. Þorsteinn kvað þat óskylt vera munu. „Þat er eigi þann veg“, segir Þórðr, „vil ek vita, hvárr fleira hefir ort um annan, ok þarf ek eigi um þat at verða vanhluta fyrir Birni“. Þat ferr nú fram sem Þórðr beiddi, at hvárr þeira kvað alt þat, er kveðit hafði um annan, ok var sú skemtan sum ein áheyrileg. Enn svá reynist, at Björn hafi ort vísu fleira enn Þórðr. Hann kvaðst vilja yrkja á móti vísu, enn Þorsteinn kvað það óskylt ok marg-ir aðrir. Björn svarar ok kvaðst eigi vildu, at honum yrði um þat dæmt, at hann leyfði honum, at yrkja vísuna. „Enn ef þú vilt eigi láta undan líða“, segir hann, „þá fresta þú ekki, ok lát eigi ákveðin orð í vera.“ Enn Þorsteinn kvað sik eigi meira metinn í þessu enn svá af þeim Þórði, at þeir vildu ekki þá sætt halda, er hann hefði gerva; lézt nú nær kunna engan hlut í at eiga þeira máli. Þórðr kvaðst ekki mundu at því fara, hvárt Björn leyfði eða eigi, ok kvað vísu:

- (31) Björn tekr brátt, es mornar,
bráðr við illu ráði;
grönum es vanr at grípa
glópr við hverju hrópi;

ok hvítmála hælir
 hvítleiðr með stjöl breiðan
 sanni fríðr at svinnu,
 siti hann vesalstr manna.

„Þat megi þér nú heyra“, segir Björn, „at sú
 mannfýla vill enga sátt. Eigi skal hann enn
 þessarri vísu hafa á glæ kastat, heldr enn öðr-
 um,“ — ok kvað Björn vísu :

(32) Þræta at þú sér betri,
 Þórðr, — skuld enga vildak —
 alls gazt enga snilli
 eljun-latr á skratti.
 Vart höfum verri orta
 — vink bjór Háars inna —
 sekr glöeps okr, enn ek orta
 ísbjóðr um þik vísu.

Lokit er upp sættum ok fara af þinginu; fór
 Þorsteinn á Hítarnes með Þórði ok dvaldist þar
 litla stund. Ok er hann fór þaðan, fekk hann
 litlar gjafir af Þórði; ok þykkir Þorsteini
 Þórðr ollat hafa, er engar urðu sættir, ok var
 heldr í rénan vinátta þeira; þótti hann lítills
 virða sín tillög í þessu máli. Þorsteinn ferr
 í Hólm til Bjarnar ok er þar² nökkura stund.
 Ok er hann fór á brott, leiðir Björn hann á
 götu upp á Hítardalsheiði, ok ætla þar at skil-
 jast ok ræðast við áðr af hugðu, ok kvaðst
 Björn mundu þykkjast þá hafa enn betra hlut
 af málum við Þórð, — „þar sem ek vilda hafa
 þinn dóm. Enn vit höfum mælt til vinganar
 með okkr; em ek ráðinn til at efna þat ok

vera þinn vinr; enn hvárrtveggi okkarr á nokkut sökótt. Nú vilda ek til þess mæla, at hvárr okkarr hefndi annars, sá er lengr lifði, ef vit höfum lifát af vápnum eða manna völdum.“ Þorsteinn kvað sér þykkja í hvern stað jafnboðit, er hann bauð sitt vinfengi, — „enn gerum þar á grein nökkura, er þú ræðir um hefndirnar, þvíat nú vita menn gerr enn fyrr, hvat gera skuli, ok vil ek þat um mæla, at hvárr okkarr taki eindæmi eftir annan eða sektir ok fébætr, þótt eigi sé manndráp, ok sómir þat betr kristnum mönnum.“ Nú tóku þeir þetta fastmælum, at hvárr þeira skal hefna annars eða eftir mæla, svá sem þeir sé sambornir bræðr. Nú váru stóðhrossin fram leidd at nýju, ok játaði Þorsteinn nú ok kvaðst þiggja vilja fyrir hvern mun ok einn, ok váru þar eftir þann vetr hrossin, ok svá um sumarit eftir, ok var eigi eftir komit, ok skyldi Björn þá senda vestr um haustit. Þorfinnu gaf Björn gullhring ok guðvefjarkyrtil, er Óláfr konungr hafði gefit Þórði Kolbeinssyni ok hann gerði til handa Birni eftir rán í Brenneyjum. Ok skiljast þau góðir vinir ok fara heim hvárrtveggju.

Litlu síðar tók Björn augnaverkr, ok helzt hann um hríð, ok varð honum at því mein, enn þó batnaði, er á leið, ok drap þó heldr fyrir honum, þvíat hann var síðan þungeygr nökkut

ok eigi jafnskygn sem áðr. Enn mjök þótti mönnum á einn meið hallast með þeim Birni ok Þórði í öllum viðskiftum, ok unir Þórðr stórilla við ok þeir menn, er at málum stóðu með honum. Er nú orðit vinfengi mikit með Birni ok Þorsteini Kuggasyni.

30. Nú liðr vetrinn af hendi ok sumarit, ok váru kyrr mál þeira at kalla. Á því hausti fór Þorfinnr Þvarason út á Nes til föður síns ok váru fimtán saman, ok hafði hann sverð Bjarnar, Mæring, enn Björn hafði vápn hans. Björn var heima ok fátt manna; váru sumir húskarlar farnir til rétta í Langavatnsdal, enn sumir annan veg. Þórðr ok Kálfr sátu fjölment á Hítarnesi, svá at Björn vissi eigi, ok ætluðu, ef þeim þætti færi á gefa, at brenna Björn inni. Arngeirr karl fór heiman, ok ætlaði í Knarrarnes at leita kynnis, ok tók um morgininn vápn Bjarnar, þau er heima váru, enn Björn var genginn til hrossa sinna. Arngeirr fór villr ok fann eigi fyrr, enn hann kom til fjóss Þórðar á Hítarnesi, ok hitti hann nautamann, ok vísaði hann honum þegar á brott. Enn þá váru konur í fjósi, ok máttu þær eigi yfir þegja kvámu Arngeirs, er þær kómu inn. Ok er þeir Þórðr ok Kálfr ok Dálkr verða þess varir, at fátt var manna heima hjá Birni, þá ræða þeir um tiltekjur. Ok á þeim stundum hafði Þórðr ort visu þessa:

(88) Öllungis biðk allar
 atgeirs eða goð fleiri
 — rétt skilk — rammar vættir
 randóps, þærs hlýrn skópu,
 at — styrbendi — standi
 — stálgaldrs enn ek valda —
 blóðugr örn of Birni
 bráðrauðr höfuðsnauðum.

Ok nú fýsir Kálfr mjök, at þeir drepi Björn, ef þeir megu, ok kvaðst fyrir löngu búinn vera við Björn at etja, þá er hann var meiri fyrir sér enn nú. Dálkr kallar ok einsætt vera, at neyta nú þess færís, er hann hefir fátt manna, ok kvað þeim þungt vegizt hafa við Björn, ok mundi mál þykkja, at eiga eigi hans ofsa yfir höfði sér, ef réttast mætti, ok kvað Þórð skyldan til, at beitast fyrir ok skipa til, — „enn aðrir at fylgja þér“. Nú ráða þeir þat af, at Kálfr ferr til Hurðarbaks eftir sonum Eiðs, Þorvaldi ok Þórði, ok segir þeim orðsending Þórðar Kolbeinssonar, ok hvat þeir ætluðust fyrir. Þeir bregða við skjótt ok fara með Kálfi; ok berr svá til för þeira, at þeir eigu at fara yfir Þórarinsdal í Hítardal. Þar hitta þeir griðkonu Bjarnar við ána, er fara skyldi út á Völlu. Þeir spurðu hana tíðenda ór Hólmi, hvat menn höfðust at, eða hvé mart manna heima væri með Birni. Enn hon var ekki til mállöt ok sagði þeim til mart; kvað þrjá menn aðra heima enn Björn, ok kvað þá þó í skógi ok

höggva við. Nú skiljast þau, ok fara þeir sem hvatast á fund Þórðar ok Dálks, ok búast þegar til atfarar við Björn. Fara menn fjórir ok tuttugu; ok var þar Kolli, son Þórðar. Þeir fóru um aftaninn til náttverðar undir hraun, ok fara síðan um nóttina götur þær, er upp liggja í dalinn, frá Völlum, uns þeir koma í Hólmsland, ok töluðust þá við; skipaði Þórðr til, hversu at skal fara at ná Birni. Nú mæla þeir ok til fasta með sér á þessa stefnu, ef þeir geta Björn at jörðu lagðan, at þeir skulu allir skyldir at gjalda upp fé, ef fébætr eru teknar eftir hann, Þórðr fyrst at upphafi ok Dálkr ok Kálfr, hvern þeira, er banamaðr hans yrði. Þann dag skulu vera réttir í Þór-arinsdal ok aðrar í ofanverðum Hítardal.

31. Eftir þetta skiftir Þórðr til ok lætr Kálfr fara, er mornar, á götu þá, er liggr til Valla, ok þeir höfðu riðit um nóttina. Hann var við séttu mann, ok sitja þá fyrir Birni, ef þangat bæri ferðir hans. Enn þeir Þórðr ok Þorvaldr, Eiðssynir, ok Kolli Þórðarson, skyldi sitja á götu þeiri, er liggr til Hvítingshjalla, ef þangat bæri at; því at þar höfðu haga hross þau, er Björn hafði gefit Þorsteini, ok fór Björn oft at sjá þau; ok af Hvítung hinum ellra var Hvítingshjalli kallaðr. Enn Dálkr frá Húsafelli skal sitja á götu þeiri, er liggr til fjalla fyrir austan vatn, ok gæta þar; því at þeim þótti

eigi örvænt, at Björn færi upp í dalinn til rétta, er mannfátt var heima. Enn Þórðr skyldi sitja á þeirri götu, er liggur ór Hólmi ok ofan til Húsafells. Þórði þótti líklegt, at Björn myndi annathvært koma til rétta, ok líklegra at hann myndi koma í Þórarinsdal — því at þaðan var ván fleira fjár Bjarnar — ok sat Þórðr þar fyrir, ef Björn færi þangat. Sex menn váru í hverri fyrirsát. En fyrir því varðveittu þeir götur allar, at þeir þóttust vita, at Björn myndi nökkura fara braut; enn vildu eigi koma í Hólmi, fyrri enn víst væri, at Björn væri eigi heima, ef svá vildi verða; þótti sér mundu torsótt at sækja hann. Nú skiljast þeir, ok fara hvárir á þá götu, sem ætlat var at sitja fyrir Birni.

32. Þat er sagt í öðru lagi frá Birni, at hann var snimma á fótum þann morgin ok mataðist; enn Sigmundr, húskarl hans, var farinn upp í dal. Birni þótti illar húsgöngur, er hann átti sökótt, ok þótti aldri örvænt, á hverri stundu hann þyrfti manna við, ok var hann nökkut brúnvölr, ok sagði Þórdísi, konu sinni, at hann myndi fara á Hvitingshjalla ok skera mön á hrossum Þorsteins, áðr enn hann sendi þau vestr; ok þó kvað hann heldr hafa harkat um draumana um nóttina, ok kvaðst þó ógerla vita, fyrir hverju þat mun vera. Hann kvað (sik) mjök oft á þá leið dreyma, sem nú

ok kvað þó nú mest um vera. Hon mælti : „Þat vilda ek, at þú færir hvergi frá húsi í dag, ok ertu óvarr um þik, þar er fjandmenn þínir sitja umherfum þik; eða hvað dreymdi þik?“ „Ekki læt ek drauma ráða förum mínum“, segir hann. „Eigi vilda ek, at þú færir frá húsi, ek værir sem varastr um þik, ok hefir þat fyrir engum spilt; enn mér virðist sem raunillar hafi verit svefnfararnar í nótt, ok seg mér hvat fyrir þar“. Enn Björn kvað vísu :

(34) Undr es ef eigi benda
 — oft vakir drengr at lengrum ;
 ógn hefk firða fregna —
 framvísar mér dísir ;
 þvít armleggjar orma
 Ilmr dagbæjar hilmis
 heim ór hverjum draumi
 hjálmfaldin býðr skaldi.

„Þetta hefir mik oft dreymt“, sagði hann, „ok nú með mestu móti í nótt“. Hon latti hann frá húsi at fara; enn hann lét ekki letjast. Húskarlar þeir, sem heima váru, fóru í skón, at höggva við, ok var Björn einn roskinna manna. Nú býst hann til hrossanna, ok hefir manskæri mikil á linda, ok hött á höfði ok skjöld á hlið; sverð hafði hann í hendi, er Þorfinnr Þvarason átti. Björn var mikill maðr vexti ok vænn ok freknótt, rauðskeggjaðr, skrufhrár ok dapreygr, ok manna bezt vígr. Sveinn fim-

tán vetra gamall fór með hánum. Ok er þeir gengu ór túni, kvað Björn vísu :

(85) Út gengk með lið litit,
litt sék hers við víti;
sverð fylgir menmyrði
mitt ok skjöldr enn hvíti,
Enn fyr einum runni
sægis dýrs of Mýrar,
vöndr skal hjalts ór hendi
hrökkva, fyrr enn ek stökkva.

Þeir fóru þá götu, er liggir til Hvítingshjalla; enn þeir eigu at fara yfir Hítará, skamt frá því, er hon fellr ór vatninu. Ok er þeir hafa farit um hrið, þá sér sveinninn sex menn fara í móti þeim frá stakkgarði af Hvítingshjalla. Björn spyrr sveininn, ef hann sæi hrossin á hjöllunum; kvað auðsæ vera munu fyrir litar sakir. Hann kvaðst sjá hrossin, ok svá sex menn fara í móti þeim. Björn kvað þá enn vísu :

(86) Tveir erum, vörðr, enn várum,
vápneirar, vel fleiri
oft var skald und skildi —
skólkinnis at jólum;
enn hraustgeði á hausti
— hoddlestis — kom vestan
sveit vas-a seggja litil
snarfengs — með lið drengja.

Björn hafði kyrtil góðan ok var í hosum, ok vaðit silkiræmu um fót sér, þeiri er hann hafði skift um við hinn helga Ólaf konung. Hann brá sverðinu, er Þorfinnr Þvarason átti, ok

mælti: „Ílt sverð á hér góðr drengr“, segir hann. Kálfr sér þá brátt, þar sem hann var kominn, ok heldr eftir þeim ok mælti: Eigi er minni ván“, segir hann, „at skifti með oss gæfunni. Þeir þóttust mik hafa í hættu settan; enn ek hygg, at ek veiða nú þann björn, er vér vildim allir veiða“. „Skamt eiga þeir nú hingat, Björn“. segir sveinninn; „því at þeir fara hart“. Björn svarar: „Því auðveldara mun okkr at taka hrossin, sem fleiri beina at“. Sveinninn mælti: „Ekki munu þetta friðmenn vera; þeir eru allir með vápnum. Ok enn sé ek fleiri menn; því at sumir fara eftir okkr ok enn vápnaðir“. „Eigi skyldir þú of mikit um gera“, segir Björn; „kann vera, at þat sé réttamenn“. Sveinninn mælti: „Ek sé enn fleiri menn, ok fara frá Hólmi; ok er okkr þat eitt ráð, at snúa til Klifsdals, ok förum síðan Hellisdal ok forðum okkr“. Björn mælti: „Ekki hefi ek enn eltr verit hér til, ok svá mun enn, ok mun ek eigi aftr hverfa. Förum eftir Klif-sandi til Klifsjörva, ok gjarna vilda ek fara til Grásteins hins mikla, ef vit mættim þangat komast“. „Eigi má ek þat vita“, segir sveinninn, „hvé okkr má þat endast; því at menn sækja at okkr öllum megin; ok sé ek þat gerla, at sex eru hvar saman, þótt sumir eigi lengra til okkar enn sumir; ok sé ek nú alls eigi færri menn, enn fjóra menn ok tutt-

ugu“. Björn spyr: „Hvernig er þeim mönnum farit, er okkr eru næstir?“ Sveinninn segir, ok þóttist Björn kenna Kálf at frásögn hans. Kálfr var maðr mikill ok svartr, ok átti skamt til þeira á bak þeim, er Kolli ok synir Eiðs kómu fyrir þá. Dálkr ferr at frá Hólmi, ok er sýnu first þeim, ok þeir er honum fylgja. Björn mælti við sveininn: „Far þú nú upp í hjallann eftir hrossunum, en ek mun hér biða; ekki mun stoða at fara lengra“. Nú settist Björn niðr, enn sveinninn fór at taka hrossin, ok vildi vikja, ok mátti eigi; því at þá hafði tekizt fundr þeira. Þeir koma fyrst at Birni, Kálfr við sétta mann, (ok) Kolli og synir Eiðs með honum, við sex menn. Þorvaldr Eiðsson skýtr spjóti at Birni, þegar er hann nár til hans. Björn tók spjótið á lofti ok sendi aftr til eiganda. Þat kom á Þorvald miðjan, ok fell hann dauðr til jarðar. Þeir höfðu komizt á milli hans ok Grásteins, svo at Björn komst eigi þangat. Þórðr vildi hefna bróður síns ok hjó til Bjarnar mikit högg; enn Björn hélt á skjöldinum; svá at handleggr hans var í mundriðanum; kom höggit á skjöldinn ok varð svá mikit. at handleggr Bjarnar gekk í sundr, ok fell skjöldrinn niðr. Þá þreif Björn sporð skjaldarins hinni hendinni ok rak í höfut Þórði, svá at hann fekk þegar bana. Enn sumir menn segja, at hann legði hann með söxunum til bana

Kolli sótti Björn fast, nær í mesta lagi einna manna í sífellu, þótt vér kunnim eigi at greina, hvert sárafar hann veitti honum. Kálfr mælti, kvað honum nú fyrir alt eitt koma, þótt hann feldi nökkura menn, ok kvað hann skyldi nú eigi undan ganga — „er oss nú eigi mannfátt“, segir hann. Sumir mæltu, at slá skyldi hring um Björn ok varðveita hann, at hann komist hvergi í brott, ok bíða Þórðar Kolbeinssonar, at vega at honum til lykta. Ok meðan þeir ræddust þetta við, þá leysti Björn manskærin af linda sér, ok váru þau nýhvött, er hann fór heiman, bæði mikil ok bitrleg. Nú kom Dálkr til með sex menn, ok vill þegar sækja at Birni; því at hann var hraustr karlmaðr, ok þóttist hann varla eiga litla hólmsök við Björn, er hann átti sonar síns at hefna. Enn Björn bregðr sverðinu Þorfinns, er hann hafði heiman haft, ok höggr á fót Dálki svá hart, at fótrinn brotnaði, enn eigi beit, ok varð Dálkr óvígr, ok fluttr á brott þangat, sem honum var óhætt; ok því næst kom Þórðr Kolbeinsson. Ok er Björn sá hann, þá mælti hann: „Seinn til slíks móts, lítill sveinn!“ „Sá skal þér þó nú nær standa í dag“, segir Þórðr, „ok höggva þik klækishögg“. „Þau ein muntu höggva“, segir Björn, „meðan þú lifir“. Þórði varð mismælt, ok vildi hann sagt hafa, at sá skyldi hann höggva klámhöggvi þann dag. Björn grípr nú skærin, því at hann

veit, at sverðit dugir ekki, ok hleypr at Þórði ok ætlar at reka á honum skærin. Þórðr veikst undan, enn fyrir varð húskarl Þórðar, er Grímr hét, ok fekk þegar bana. Ok í því bili hjó Kálfr til Bjarnar ok veitti honum mikit sár, ok fell Björn nú, svo at hann stóð á knjám, ok varðist með skærunum af mikilli hugprýði, því at hann var enn mesti fullhugi, sem oft höfðu raunir á orðit, ok veitti þeim mörg sár, er hann sóttu. Þeir sóttu hann nú svá fast, ok engir meir enn Kolli. Björn mælti : „Fast sækir þú mik í dag, Kolli“, segir Björn. „Eigi veit ek, hverjum í er at þyrma“, segir hann. „Svá er ok“, segir Björn, „móðir þín mun þetta fyrir þik hafa lagt, at þú skyldir mér harðasta atgöngu veita ; enn sjá þykkjumst ek, at annat mun þér betr gefit enn ættvísir“. Kolli segir : „Eigi þykkir mér þú þat snimma sagt hafa, ef mér er nökkur vandí á við þik“. Ok þegar gengr Kolli brott ok hættir atsókninni. Björn varðist mjök lengi með skærunum, svá at hann stóð á knjám, ok allir undruðust þeir, hví hann mátti slíka vörn veita, næsta vápnlaus maðr, svá margir sem þeir sóttu hann, ok þóttust þó allir hafa fülleiksa, er honum urðu næstir. Nú er þat sagt, at Þórðr hjó til Bjarnar, ok beit af honum þjóhnappana, ok fellr Björn þá. Þórðr vill þá eigi láta höggva á milli,

ok högr af Birni höfuð í öðru höggi, ok gengr á milli bols ok höfuðs, ok þá kvað Þórðr visu :

- (37) Lósk-at, — snarr at snerru,
 segg þann bitu eggjar,
 hinns fyr heiði sunnan
 hugprýði mér frýði —
 at — morðvandan — myndak
 — meins hlutum rán af beini —
 beit þann fyr sök sanna
 sverð — hans bani verða.

Þórðr tók höfuð Bjarnar ok batt við álar sér ; lét þat hanga við söðul sinn. Kálfr kvaðst vilja, at þeir kæmi í Hólm ok lýsti þar víginu, ok lézt vilja færa þeim men, er Björn hafði haft á sér. Dálkr svarar, ok kvað þat óskylt vera ok kappsamlegt ; kvað það betr sóma, at sýna sig í yfirbótum við frændr Bjarnar eftir þetta verk, heldr enn auka vansemd við þá. Þórðr lagði þar hvárki til. Kálfr reið þegar af véttvangi. Ok er þeir riðu í brott, ok váru komnir ofan yfir Klifsand, þá flugu móti þeim hrafnar nökkurir, ok þá orti Þórðr visu þessa :

- (38) Hvert stefnið ér hrafnar
 hart með flokk enn svarta?
 Farið ljóts matar leita
 landnorðr frá Klifsandi.
 Þar liggr Björn, enn Birni
 blóðgögl of skör stóðu ;
 pollr hné hjalms á hjalla
 Hvítinge, ofarr litlu.

33. Nú koma þeir í Hólm, ok gengr Kálfr í dyngju, er Þórdís var fyrir, kona Bjarnar,

6*

ok segir henni víg Bjarnar, — „ok er hér men“, segir hann, „við at taka, er hann hafði á sér“. Hon tók við meninu ok spurði, hvárt Þórðr er þar. Kálfr kvað hann þar kominn. „Hann vil ek þó hitta“, segir hon; gengr ór dyngjunni, þangat sem Þórðr var, ok kastar til hans meninu, ok bað hann færa Oddnýju, konu sinni, til minja. Síðan riða þeir ofan eftir dal ok kómu til Húsafells, ok var Dálkr þar eftir, enn Þórðr reið á Völlu, ok var Arngeirr heim kominn, faðir Bjarnar. Þórðr segir honum tíðendin ok báðum þeim hjónum. Hon var úti ok þó höfuð barns eins. Þórðr leysti höfuð Bjarnar frá álum sér ok kastaði til Þórdísar, móður Bjarnar; bað hana vita, ef hon kendi höfuðit, ok kvað því þá eigi minni þörf at vaska enn hinu, er hon þó áðr. Hon mælti þá: „Kenni ek höfuðit“, segir hon, „ok kenna mættir þú, því at fyrir hinu sama höfði gektu oftlega bræddr, meðan þat fylgdi bolnum; far nú ok fær þat Oddnýju, ok betra mun henni þetta þykkja enn þat et litla ok vesallega, er lafir á þínum hálsi.“ Þórði líkaði illa hennar málsemdir; lætr þar eftir höfuð Bjarnar ok riðr heim á Hítarnes, segir frá tíðendum ok færir Oddnýju menit, er Björn hafði átt. Ok er hon sá, hné hon aftr ok vissi ekki til manna; ok er af henni hóf öngvit, þá hafði hon fengit mikla vanheilsu ok óyndi, ok leitaði Þórðr mjök

margs í at hugga hana ok var vel til hennar. Enn svá gerist með miklu móti, at hon var verkjum borin af þessu, ok var ákafast enn fyrsta vetr eftir. Henni þótti sér þat helzt ró, at hon sæti á hestsbaki, enn Þórðr leiddi undir henni aftr ok fram; ok gerði hann þat, at honum þótti stór mein á vera, enn vildi við leita at hugga hana; ok um þetta orti hann :

(39) Móðr verðk mitt hross leiða
 — mjúk verðra för sjúkrar.
 Reið era fljót — und Friði
 fjargvefjar dag margan;
 þvít hjörborgar hvergi
 Hlökk undi sér dökkvar
 — mikit stríð vas þat -Móða
 merki- — skins fyr verkjum.

Svá þóttist Þórðr mjök fyrir verða fyrir konuna af þessum meinum, er á lögðust, at menn segja þat, at heldr kóri Þórðr þá líf Bjarnar, ef þess væri kostur, ok hefði hann slíkar ástir konu sinnar sem áðr; ok þótti honum þat stórmein, er til þeira Bjarnar kom allra jafnt saman. Hon mornaði öll ok þornaði, ok tæði aldri síðan tanna, ok lifði þó mjök lengi við þessi óhægindi. Frændr Bjarnar létu gera eftir líki hans, ok var þat jarðat á Völlum at kirkju þeiri, er hann hafði þar gera látit Tómasi postola, ok var niðr lagðr með klæðum ok ræm-
 unni, sem fyrr var sagt.

34. Nú fara þessi tíðendi um landit víða, víg Bjarnar, ok spyrr Ásgrímr, bróðir hans, austr á Rangárvöllu, ok ferr síðan vestr í Ljárskóga at finna Þorstein Kuggason, ok tekr við málinu af Arngeiri karli, ok búa þeir þat um várit til alþingis, Þorsteinn ok Ásgrímr ok vinir Bjarnar. Enn er Ásgrímr fór á brott um vetrinn frá Þorsteini, þá ferr hann í Hólmi ok varðveitir búit, er Björn hafði átt, ok fór þaðan um várit í málatilbúnað með Þorsteini, ok fjölmentu mjök til þings, ok svá gerði Þórðr ok þeir, er honum vildu lið veita. Svá er sagt, þá er til þings var komit, sendir Þórðr menn á laun til Ásgríms með þeim erendum, at bjóða honum sæmileg boð, ok at þeir mætti nú finnast um nóttina, ok kvaðst honum unna ens mesta sóma af málinu, ok kvað þat skyldugt, því at hann var aldri mót honum, þá er mál þeira Bjarnar váru. Ásgrímr er óvanr at eiga hlut í málaferlum ok hittir Þórð um nóttina. Hann kveðr Ásgrím bliðlega, ok ræddust mart við. Þórðr var maðr orðhagr ok sléttmáll, ok tjáir fyrir honum, hvé mikit hann var neyddr til þessa verks; segir honum mart frá viðskiftum þeira Bjarnar, hversu skerðan hlut hann hafi lengi borit fyrir honum, enn kvað Björn nú enn hafa þrjá menn drepit í þeira síðasta fundi, enn fjóra örkumlaða, — „ok eru þeir tólf menn“, segir Þórðr, „er at engu er getit til sátta: Óttarr

ok Eyvindr, Þorsteinn Kálfsson, Þorkell Dálksson, skógarmenn tveir, Steinn Guðbrandsson, átti austmaðr, níundi Kolbeinn, son minn, Þorvaldr ok Þórðr Eiðs synir, tólfli Grímr húskarl minn, enn Dálkr örkuðlaðr, ok allir vér nökkut sárir. Enn ek mun bæta þér bróður þinn þrem hundruðum silfrs, því at ek ann þér góðs hluta“. Ásgrímr hlýðir á fortölur Þórðar ok játar þessu; er honum greitt silfrit; tekr hann við, ok er heldr hvatat at öllu, ok var auðsætt, hvat til helt um sættir þeira: fortölur Þórðar enn hvatvisi Ásgríms. Þorfinnr Þvarason varð eigi fyrr varr við, enn Ásgrímr tók silfrit, ok gekk út ór búðinni ok til Þorsteins Kuggasonar ok sagði honum, at Ásgrímr mundi ginnast láta fyrir Þórði með leynd til nökkurra sátta; kvað hann vera at telja silfr. Þorsteinn kvað þetta vera mundu ærit mikit bráðræði, ok kvað eigi hægt, at veita slíkum mönnum lið, er svá eru einráðir, — „enn þó má enn eigi vita, fyrir hvat Þórði kemr þetta“. Engan mann varði þessa, at Ásgrímr mundi við engan um ráðast ok eigi við Þorstein, er í var bundinn málinu með honum. Því var Þorsteinn ok Ásgrímr fyrir eftirmáli um Björn, at aðillinn, sá er fyrir öndverðu var, Arngeirr karl, faðir Bjarnar, var nú hrumr af elli, ok lét því málin undir þá koma, at hann þóttist eigi mega fara til þings fyrir elli, ok hafði eigi við þat vanizt, at

fylgja málum, þá er hann var yngri, enn vissi, at Þorsteinn hafði þessu heitit Birni, at mæla eftir hann, ef þess þyrfti, eða sá eftir annan, er lengr lifði. Þorsteinn sendi nú menn til búðar Þorkels Eyjólfssonar, frænda síns, ok kvaðst vilja hitta hann. Þórðr Kolbeinsson var í búð Þorkels, ok hafði þessa sátt gerva við Ásgrím án ráði Þorkels, því at hann vissi ekki til þessa.

Þat er nú frá Þorsteini at segja, at hann dró saman lið mikit ok heimti þegar Mýramenn, frændr Bjarnar. Nú finnast þeir Þorsteinn ok Þorkell; eru þá með Þorsteini frændr Bjarnar ok vinir. Þá segir Þorsteinn, at hann er heitbundinn at hefna Bjarnar eða mæla eftir hann, — „erum vér nú saman komnir hér, frændr hans ok vinir, ok er svá at segja þat til, at vér verðum allir á eitt sáttir um þat, at ónýta þessa sátt, er Ásgrím hefir gert við Þórð“. „Þat hefir oft sýnzt“, segir Þorkell, „at frændr Bjarnar hafa eigi rétt fylgt málum hans; ok svá vænti ek, at mönnum muni álitast, ef sakaraðillinn skal eigi ná at hafa þá sætt, er honum hugnar“. „Hér er ekki um at tala“, segir Þorsteinn; „ek einn vil ráða málalyktum, bæði mannsektum ok fégjöldum, sem ek em í bundinn, eða láta líf mitt ella. Snúst þú í mót, ef þú vill kappi þreyta; ærit höfum vér lið; ósýnt, at þeim sigrast betr, er í mót standa; enda

munum vér þar til hætta at þeim kosti, hvárt vér nám lífi Þórðar, eða þeira annarra, er vágú Björn.“ Þeir Þorkell ok Þorsteinn váru bræðringar at frændsemi, ok sá Þorkell, at þeim samdi eigi svá mjök at þreyta, enn vissi kapp Þorsteins, enn Þórðr Kolbeinsson hafði eigi ráðizt fyrr við hann um sættina; ok vill hann leita mála fyrir hönd Þórðar enn ganga eigi í bardaga fyrir hans sakir móti frændum sínum, ok kvaðst Þórð vilja undan sektum mæla sjálfan, ok svá féggöldum meirum, enn áðr galt hann, enn Þorsteinn geri á hendr öðrum mönnum, þeim sem at víginu váru, svá mikit fé ok mannsektir, sem hann vill sjálfr. Þorsteinn kvað eigi um at leita, at Þórðr kæmist undan neinum álögum, þar sem af honum hefði alt et illa staðit um þetta mál. Þorkell mælti: „Þat vil ek þá, at fébótum komi við fyrir mál þessi, ok mælum vit um ok sættumst á þat, at Þórðr komist undan sektum með féggjaldi.“ Nú kom þar máli, at sættir váru nefndar ok festar með þeim á þá leið, at Þorsteinn ok Þorkell skyldu um mæla, ok skyldi Þórðr gjalda fyrir sekt sína slíkt, sem Þorsteinn vildi, enn aðrir menn, er at víginu váru, skyldi undir ganga bæði sektir ok fébætr eftir vilja Þorsteins. Þeir skyldi upp lúka gerðinni, áðr þeir færi af þingi, ok var svá gert. Mjök hefir verit, sem Þorsteinn réði einn gerðinni, þegar Þorkell hafði Þórði

komit undan sektum, frænda sínum; enn ekki sparði hann fé til sakbóta, því at ærit var til. Þat er nú gerð þeira Þorsteins, at Dálkr skal taka engar bætr fyrir sik ok son sinn, ok gjalda ok ekki fyrir tilför um víg Bjarnar. Kálfr skal ok hafa engar bætr sonar síns, ok vera heraðssekr vestan þaðan, láta jörð sína í Selárdal, ok fara suðr um heiði í áthaga sinn. Þórðr skal gjalda Ásgrími þrjú hundruð silfrs, sem hann hafði kōrit sér til handa ok við tekit; önnur þrjú hundruð silfrs skal Þórðr gefa til sýknu sér, enn en þriðju þrjú hundruð til sýknu Kálfi. Enn frændr Þórðar, er fellu við hraunit, skyldi óhelgir fallit hafa, ok svá skógarmenn ok þeir allir, er í fyrirsátum höfðu verit fyrir Birni. Nú eru eftir tólf menn, þeir er greiðlega vāru at viginu; þā gerði Þorsteinn alla sekja, ok skyldi utan fara et sama sumar, ok gefa fé til færingar þeim, mörk fyrir hvern þeira; enn ef þeir kæmist eigi utan, sem mælt var, þā skyldi þeir alsekir ok dræpir, hvar sem þeir fyndist. Nú fara þeir af þingi, ok tók Þorkell ena seku menn til sín, lét frændr þeira leggja fé til hjálpar þeim þangat, ok kemr þeim utan um sumarit. Ok nú var sú umræða manna, at varla hafi þvílíkt eftirmál orðit um einn mann, sem eftir Björn, því at þær sektir urðu allar fram at ganga, sem Þorsteinn hafði gervar, ok unir Þórðr við stōrilla ok hans menn, þótt þā

mætti ekki at hafa. Mýramenn tóku ok mikit fé til sátta af Þórði Kolbeinssyni, þeir sem váru frændr Bjarnar. Arngeirr karl fór til Þorsteins Kuggasonar með mikit fé, er hann tók við, enn Þórdís tók af mund sinn ok heim-anfyllgju, ok fór vestr á Barðaströnd við Breiða-fjörð til frænda sinna; enn Ásgrímr fór austr á Rangárvöllu með þat fé, sem hann hlaut, ok bjó þar síðan. Þórðr Kolbeinsson fór heim á Hítarnes til bús síns ok unír eigi vel við mála-lyktir. Tekr nú þaðan af at kyrrast um mál-in. *Ok lýkr hér nú frásögn þessarri.*



Vísaskýringar.

Vísurnar í Bjarnar sögu Hítðælakappa eru flestar meira og minna aflagaðar, eins og vísur í flestum Íslendingasögum. Dr. Boer hefir með aðstoð dr. Finns Jónssonar samið skýringar yfir þær aftan við útgáfu sína af sögunni, og er hér að nokkuru leyti stuðst við þær skýringar. Dr. Jón Þorkelsson, fyrr rektor, hefir munnlega skýrt mér frá fáeinum tilgátum sínum, er snerta vísurnar í þessari sögu, og eru þau orð hér sett með gisnu letri, sem hann hefir leiðrétt eða getið til. Enn ég átti ekki tal við hann um þetta fyrr enn sagan var nær fullprentuð, og varð því ekki haft tillit til þess í textanum sjálfum.

1 (Björn Hítðælakappi). Líki-fögr¹ handar leygjar Lofn², Eykyndill, myndi nú vilja sofna hér senn, ef hörskorða³ heyrði at (vér) værim harðla nær í tjaldi með fjörða fleina vald⁴. Skiljum hæft brag. Gerðumk frægr.

1. líki, líkami; líkifögr, líkamsfögr. — 2. leygr, eldr; handar eldr, gull; gulls Lofn, kvenkenning. — 3. hörskorða, kvenkenning. — 4. fleina-valdr, mannkenning.

Hin líkamfagra kona, Eykyndill, mundi nú sofna hér þegar, ef hún heyrði að vér værim í nágrenni við hana í tjaldi við fjörða mann. Ég skil (þekki) allvel braglistina. Ég er orðinn frægr maðr.

2 (Björn Hítðælakappi). Drengr hefir fengið gam-

ans handar fasta Hristi¹. Eykyndils vöðva hlöð² hrynja hart á dýnu, meðan vinnum stinna ár at borði klökkva — ek verð (at) biðja skeið³ skriðar —; vins skorða⁴ veldr því nøkkvat.

1. *handar fasti*, handar eldr, gull; gulls *Hrist*, kvenkenning. — 2. *vöðva hlöð* er óvíst hvað er. — 3. *skeið*, skip. — 4. *vins skorða*, kvenkenning.

Drengur (Björn eða Þórðr?) hefir fengið Eykyndli gamans; „vöðva hlöð“ hennar hrynja hart á dýnu, meðan (vér) látum stinna ár svigna við borð, — ég verð að hraða ferð skipsins —; það er henni að kenna að nokkuru leyti.

Líklegra er að „drengur“ í 1. v. o. sé Þórðr, og að fyrri hlutr vísunnar sé um samfarir Þórðar og Oddnýjar meðan Björn var í sjóferðum.

3 (Björn Hítðælakappi). Svinn snót biðr enn hvíta svein¹ at ganga (at) moka kvíar innan. Rínar glóða reið² era³ ranglát. Sprund⁴, haröla nýt Rökkva miðs vita Hlökk⁵, sús heitir Eykyndill, biðr mik skynda út at andar⁶.

1. *hvítr sveinn* er Þórðr nefndr hér í skopi, og mun vera líkrar merkingar og „blauðr“. — 2. *reið*, vagn; *Rínar glóða reið*, kvenkenning. — 3. *era* = er eigi; á að vera *era*, enn ekki *esa*, og sömuleiðis *eru*, *eruð*, *vera* (ekki *esu*, *esuð*, *vesa*). — 4. *sprund*, kona. — 5. *Rökkvi*, sækonungr; *Rökkva mið*, sjór; *Rökkva miðs viti*, gull; *viti* er hér samt tilgáta í útg. Boers; *Hlökk valkyrja*; *Rökkva miðs vita Hlökk*, kvenkenning. — 6. *önd*, anddyri.

Hin hygna kona biðr föla sveininn, að moka innan kvíarnar. Hún er ekki ranglát. Hin góða kona biðr mig að flýta mér út úr anddyrinu.

4 (Þórðr Kolbeinsson). Þú skalt ganga út; þinn gleymr¹ við griðkonur þykki mér vera illr; þú sitr á

öftnum, es (vér) komum inn, jafnauðigr² mér; þú skalt ganga út.

1. *gleymr* = glaumr.

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við.

5 (Björn Hítðælakappi). Ek mun sitja hér ok kveða hátt vel, skemta þinni konu þjóðvel¹; þat mun okkr eigi lagit til-orðs; ek em heill í hug; ek mun sitja hér.

1. *þjóðvel* = mjög vel.

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við.

6 (Björn Hítðælakappi). Orð-sæll Eykyndill verpr öndu ok vill mæla nekkvat; breksöm¹ brúðr hefr beztar ræður við mik; enn lítill sveinn gengr heyra til orða ölreyrar Jarðar² ok leynist launkarr³ og sez⁴ fjarri.

1. *breksöm*, lostug, löngunarfull. — 2. *ölreyrr*, drykkjarhorn(?); *reyrr*, pípa, sbr. rör á dönsku; *ölreyrar Jörð*, kvenkenning. — 3. *launkrarr* á að líkindum að vera *launkarr*, leynilegr, dulr. Í Bisk. s. I. 621 kemr fyrir ólaunkárr, enn kveðandi sýnir, að hér á að vera: *karr* — *fjarri*. — 4. *sez* stendr í hinni fyrri útgáfu, og er það líklega rétt, enn ekki *sés*, sem stendr í útgáfu Boers.

Eykyndill, sem hefir gott orð á sér, verpr öndinni og vill mæla nokkuð; hin löngunarfulla kona skemtir mér með viðræðum, enn lítill sveinn (Þórðr) fer að hlusta á orð hennar, leynilegr og sezt fjarri.

7 (Þórðr Kolbeinsson). Björn mun muna, at bauga-Grund¹, hin snerriláta² snót, slapp ór mundum Birni Hítðælakappa. Mér vas skapat at eiga sveigar þöll³, enn þrjótr muna þjóta mjárar⁴ konu. Slikt ráð es til snúðar⁵.

1. *bauga-Grund*, kvenkenning. — 2. *snerrilát*, fjörug. — 3. *sveigar þöll*, kvenkenning. — 4. *mjárar* = mjórar. — 5. *snúðr*, hagnaðr, ábati.

Björn mun muna, að hin fjöruga mærl slapp úr greipum Hítðælakappanum. Mér var ætlað að eiga hana, enn þrjótrinn mun eigi njóta hinnar grannvöxnu konu. Sá ráðahagr er góðr.

8. (Björn Hítðælakappi). Þórr, þat mun þér ey-muni¹, es þín sveit mœtti forðum liði mínu þar fyr Þrælaeyri, ok genguð ódrengila² frá miklum auði; bart oft sinnum minna hlut, þót ortir allvel.

1 *eymuni*, það sem er ætíð minnilegt. — 2. *ódrengila* = ódrengilega.

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við.

9 (Björn Hítðælakappi). Þú, lítill sveinn, mátt muna, at ek vann granda hattar hallandi¹, þars þú dúðir² látprúðr³ of leiti, ok runnuð brátt illa kunnandi frá byrjar Blakki⁴, sem máttir orka, snauðr annars enn æðru.

1. *hallr steinn, hattar-hall-land*, hattar-steinland, höfuð. — 2. *dýja*, hrista. Hér virðist vanta andlagið, það sem hrist er. — 3. *látprúðr* á annaðhvort við Björn sjálfan, eða er sagt í háði. — 4. *byrjar Blakkr*, hestr vindsins, skip.

Þú, lítill sveinn, mátt muna, að eg barðist þar sem þú lagðir á flótta og þér runnuð frá skipi, sem þér máttuð, alls laus(ir) nema óttans.

10 (Björn Hítðælakappi). Ek tel hefnt þess, at (þú) gekt (at) eiga þessa þornteigar skorðu¹. Þín vegsemi þórr, es at einu í þurð. Ér láguð, skreyja², lágt und brúar bakka Brenneyja á Oddaeyri undan mínum fundi.

1. *þornteigr*, spenna; *þornteigar skorða*, kvenkenning. — 2. *skreyja*, bleyða.

Ég tel þess hefnt, at þú gekt at eiga þessa konu.

Dinn heiðr fer þverrandi, Þórðr. Þér láguð lágt, bleyða, und brúar bakka Brenneyja á Oddeyri áðr ég kom til.

11 (Björn Hítðælakappi). (Dú) enn hvíti sveinn satt¹ sviftr af² auði ok giftu við öfund í Sólundum, þás ek rænta af þér, raungetinn³ . . . bæði knörr ok aura. Auðs árr⁴ vas við hjörs hríðir⁵. Gráleikr vas heldr goldinn gauri.

1. satt er tilgáta dr. Jóns Þorkelssonar: þú . . . sazt við öfund o. s. frv.; af er líka tilgáta hans; því „sviftr auði ok giftu“ er of stutt — 3. raungetinn er óvíst að sé rétt; ætti að vera sá sem væri fæddr til rauna. — 4. auðs árr, manntenning. — 5. hjörs hríðir, bardagi.

Dú hinn hvíti (veiklegi) sveinn sazt sviftr af auð og giftu fullr öfundar í Sólundum, þá er eg rænta af þér raungetinn . . . bæði knörr ok aura. Dú varst við bardaga. Þar váru gauri heldr launaðir hrekkir.

12 (Björn Hítðælakappi). Þá mun þunnrar blæju þöll¹ vestarla² und fjöllum sanna getu þíns manns, ef ríklunduð sæta gæti son glíkan mér við mars sunnu runni³. Mundar Rindr⁴ vakti mik. Ek læt ván réttar raunar.

1. blæju þöll, kvenkenning. — 2. vestarla = vestarlega. — 3. marr, sjór; mars sunna, gull; mars sunnu runnr, manntenning. — 4. mundr, auðr; Rindr, gyðja, Ásynja; mundar Rindr, kvenkenning.

Þá mun kona, sem býr vestarlega undir fjöllum, sanna getu manns síns, ef hún ætti son við honum, sem líktist mér. — Hún vakti mig. — Eg á von á að þetta reynist svo.

13 (Þórðr Kolbeinsson). Auðhlín¹, hugr sextán hjóna vas einn, hverr lifði sér at sínum muu — áðr einn

stórgeðr grundar garðvita stríðir² gerði fyrir stundu stökk³ í búðum liði óru. Raus þverri óru húsi.

1. *auð-Hlín*, kvenkenning. — 2. *grundar garðr sjór*; *grundar garðviti*, sjávarældur, gull; *gulls stríðir* mannkenning. — 3. *stökkr*, flótti.

Hugr sextán hjóna (hjúa) var einn (og hinn sami); — hver lifði sér að sínum mun — áður hinn stórgeði maðr gerði sundrung á heimili óru (stökti heimilisfólkinu í burtu).

14 (Þórðr Kolbeinsson). (Þú) skalt ganga út; ér selduð oss mjöl rautt álití; þú sagðir rúg (vera); enn þás virðar blendu vatni, vas þat aska ein; (þú) skalt ganga út.

Þessi vísa þarf engrar skýringar við.

15 (Björn Hítðælakappi). Ek mun sitja kyrr; ek kom á hausti; ek hef keypt fornan mör fullu; ér gáfuð mér feld fagrröggvaðan kappsvel dreginn¹. Ek mun sitja kyrr.

1. dreginn er tilgáta dr. J. D. fyrir drepinn, sem stendr í útgáfunum; dreginn = borinn, slitinn.

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við

16 (Björn Hítðælakappi). Svá flakir odds Ullr¹, hins „lýtir ljóta fal loddu²“, innan of alla sæing linnbeðs böð-Gefnar³, at hrannblakks hól-Njörun⁴ hvilir nakkvat kalin á beðjar horni. Ek lofa hag þýðrar þorns Drúðar⁵.

1. *Ullr*, Áss; *odds Ullr*, mannkenning. — 2. *hins lýtir ljóta fal loddu* er eitthvað rangfært. — 3. *Gefn*, Ásynja; *böð*, orrusta; *böð-Gefn*, valkyrja; *linnr*, ormr; *linnbeðr*, gull; *linnbeðs böð-Gefn*, kvenkenning. — 4. *hrannblakkr*, skip; *Njörun*, Ásynja; *hrannblakks hól-Njörun* &

eflaust að vera kvenkenning, enn eitthvað vantar þó í hana. — 5. þorns *Þrúðr*, kvenkenning.

Dórðr flakir (breiðir sig) svo innan um alla sæng konunnar, að hún hvílir nokkuð kalin í horni rekkjunnar. Ég lofa ástæður hennar!

17 (Björn Hítðælakappi). Tvær systur eru og þeira þýð móðir þekk bragsmiðar skekki¹ með tíri; ek trúi enn sögum hennar; þær eru mér enn meira í stað kvánar. Ek lofa stundum men-Grund²; þats vánlegt versóka veiti³.

1. bragsmiðar skekkir, niðrunarnafn skáldsins á sjálfum sér. — 2. men-Grund, kvenkenning. — 3. sókr, eldr, versókr, sjávareldr, gull; gulls veitir mannkennning.

Tvær systur og þeira þýð móðir er þekk skáldi; ég trúi enn þá orðum hennar; þær eru mér enn meira: í konu stað. Ég lofa konuna stundum; þess er von af mér.

18 (Björn Hítðælakappi). Hoddgeymir¹ liggur heima; hér fregnum þats gegnir; misleitir mörva mýgir² fékk sár af selreitum³, enu þás hrannir taka falla allhvast út of sker, færir lókr⁴ kerlingu⁵ skjóta of leiru.

1. hoddar, fé; hoddgeymir, fjárgeymir, mannkennning. — 2. mörva mýgir, mörva eyðir, mannkennning. — 3. af selreitum getur ekki verið: „af hlutum af sel“, eins og stendr í Boers útgáfu (stück eines seehundes), því þá ætti það að vera reyttum, heldr virðist það vera: „af rispum, klóri af sel“; reitr, karlk., rispa. — 4. lókr (í útgáfunni lokkr) skammaryrði, slæpingr? — 5. kerling er óvist hvað þýðir, og síðustu 2. vo. eru því lítt skiljanleg, enn ólíklegt er að orðtakið „að flytja kerlingu“ sé fólgið í þeim eins og Boer getr til.

19 (Þórðr Kolbeinsson). Hvat skyldir þú heimaríkr „í skikkju¹“ hjaldra² ár á mínu sári. Endr³ höf-

umk orkn⁴ of skemdan⁵. Seimpollr⁶, þat vas⁷ sorg, þú, remmitungls randekjalfr⁸, greipt at røngum kalfr und saurgum hala kollu.

1. í skikkju er eitthvað rangt, enda vantar þar aðalbendingu. — 2. hjaldra er t. g. J. D. — 3. endr — skemdan er tilgáta dr. Jóns Dorkelssonar; með því móti fást skothendingarnar, og „skeindan“ er líklegra enn „skemdan“. — 4. orkn, selr (úteyjaselr). — 6. seimpollr er mannkennig (Björn). — 7. vas er tg. dr. Jóns Dorkelssonar fyrir mun. — 8. remmitungls randar, e. f. af remmitungls rønd, skjöldr eða skjaldarrønd; skjaldar-skjalfr, mannkennig.

Vísan virðist öll meira og minna úr lagi færð og er því lítt skiljanleg.

Hvað ert þú að ræða um sár mitt? Aftr hefir selur skeint mik. Það var skömm, að þú greipt und hala kálfinum o. s. frv.

20 (Björn Hítðælakappi). Í þessa vísu vantar svo mikið, að varla verður sagt, hvert efni hennar hafi verið. Endirinn

stendr af stála lundi

stýrr Dórrøði

er = Dórði stendr ófriðr af stálalundi.

21 (Björn Hítðælakappi). Örmálugr kvenna kneytir¹, hins annask of eyki², veitat gerva þat, hvar ek læt hníga böðserkjar birki³. Drengr kom lengi við styr. Egg beit leggi í tvau. Ætva eyðir⁴ es traudr einvígis.

1. kvenna kneytir er að vísu óskiljandi, enn þó líklegra til skilnings enn „kona kneytir“, sem hdr. hafa; gæti 'kvenna kneytir' þýtt smámenni, sem fengið við kvenna- verk, eða þann sem kopur skipuðu verk. — 2. hins of eyki annask, sá er annast um akdýr (naut); þetta á vel

saman við 1. v. o., ef hugsunin í því væri lík því sem hér er til getið. — 3. *böðserkr*, brynja; *böðserkjar birki*, menn. — 4. *ætna eyðir*, sá sem eyðir setum, mannkenn- ing. Reyndar er kenning þessi mjög óvanaleg.

Hinum málhvata „kvenna kneyti“, sem annast um naut, er lítt kunnugt, um hvar ég hef barizt. Ég hef lengi í bardögum verið. Sverð (mitt) klauf leggi sundur. Mat- hákurinn(?) er ófús að heyja einvígi.

22 (Þórðr Kolbeinsson). Mær, vér tolf hvestum laufa társ laungögl¹ í Beruhrauni; enn Leifa vegs gef- endr² váru tvistir³. Ek sá ítran ofláta í gerðum⁴. Ek sté áðr fljótt á grjóti. Höldar vildu þá hafa herðimann⁵.

1. *laufi*, sverð; *laufa tár*, blóð; *gagl*, gæsarungi; *laun- gagl*, það sem flýgr, án þess það sjáist á fluginu, ör. — 2. *Leifi*, jötnunheiti; *Leifa vegr*, skjöldr; *Leifa vegs gefendr* menn. — 3. *twistr*, hljóðr, dapr; hér líkl.: á báðum áttum. — 4. *gerðar*, brynjur. — 5. *herði- maðr*, hugaðr maðr, kappi.

Mær, vér tolf hvestum örvar í Beruhrauni, enn menn mínir váru daprir (eða urðu eigi á eitt sáttir). Ég sá hinn stórvaxna oflátung í brynju. Ég hafði áðr hlaupið hart yfir hraunið. Þá ætluðum vér að hafa kappann (ná kappanum).

23 (Þórðr Kolbeinsson). Ek veit skjaldar þorns rógs Baldr¹ berr Birni aðra sögu enn mér, þvít nús egg- leiks eldskerðir² enn orðinn tveggja bani. Sá naðrbings nýtir³ þykkist neytr⁴. Dögn þótti betri Högna elviðum⁵.

1. *skjaldar þorn*, sverð; *róg*, ófriðr; *sverðs-róg*, bar- dagi; *Baldr*, Áss; *skjaldar þorns rógs Baldr* er því mann- kenning. — 2. *eggleikr*, bardagi; *eggleiks eldr*, sverð; *sverðskerðir*, mannkenn- ing. — 3. *naðr*, ormr; *naðrbingr*,

gull; gull-*nýtir*, maðr. — 4. *neytr*, gagnlegr. — 5. *Högna el*, bardagi; bardaga-*viðir*, menn.

Eg veit, að kappinn ber (Birni) sjálfum sér aðra sögu enn mér, því að nú er hann enn orðinn tveggja bani. Hann þykist vera hraustr maðr. Það er bezt að vér tölum sem minst um það.

24 (Björn Hítðælakappi). Ek vil at Þórðr frétti þat, at tveir geira viðir¹ hnigu fyr hafleygjar hneigi² þars hittumsk einir. (Vér) unnum þess gunnar börr.³ (Hann) veik ops⁴ búinn frá vægja veiti⁵ suðr með ægi. Ek jók í dag tafn hrafni.

1. *geira viðir*, menn. — 2. *hafleygjar* er tg. Konráðs Gíslasonar í „hafviggjar“; hafleygr, gull; gulls *hneigir* mannkennng. — 3. *gunnr*, orrusta; *börr*, viðr; orrustu-*viðr*, mannkennng. — 4. *op*(= hop), flótti. — 5 *vægja veitir*, sverða veitir, mannkennng.

Eg vil að Þórðr frétti það, að tveir menn hnigu fyrir mér, þar sem vér hittumst einir. Þat er honum maklegt. Hann sneri frá mér, suðr með sjó, búinn til flóttta. Eg fékk hrafni æti í dag.

25 (Björn Hítðælakappi). Ek veit at ek nam sjálfan son Kalfs fjörvi á roðnum Klifsjörva; ne¹ kvíddum kappi sverða raddgoðs²; ok vágum þundar gráps þorn³ þeygi með vápnum; fall varð fjörgrand Niðar branda fleygiþolli.⁴

1. *ne* (ekki *né*) = eigi (neitunarforskeyti á undan sögn-um). — 2. *sverða raddgoð* = *goð raddar sverða*, goð bardaga, mannkennng. — 3. *Þundr* = Óðinn; *Þundar gráp*, bardagi; bardaga *þorn*, mannkennng. — 4. *Nið*, á í Noregi; *Niðar brandar*, gull; gulls *fleygi-þollr*, mannkennng.

Eg veit að eg veitti (Þorsteini) Kálfssyni bana á

blóðugum Klifsjörva; eg var ekki hræddr við kapp hans og vó hann ekki með vopnum. Honum varð það að bana að hann féll.

26 (Björn Hítðælakappi). Flóð (gekk) á sand, enn fiskr glíkr hrogukelsi gekk á land; vara slíkr holdi.¹ Einhaga Ilmr² át meiblandit hræ grámaga. Mart ilt es í sæ.

1. *vara slíkr holdi*; *vara* er tg. dr. J. D. = var eigi, þ. e. var eigi eins átu, enn í Boers útg. er *slíkr* látið merkja sama og sleipr (á hollenzku „slijk“). — 2. *einhaga Ilmr*, kona; *einhagi* er síð kvenkápa; *Ilmr* fyrir *ylgr* er tg. dr. Jón Þorkelssonar, af því að *ylgr* getr ekki átt við kvenkenning.

Að öðru leyti þarf ekki vísan skýringar við.

27 (Björn Hítðælakappi). Brúðar kviðr óx niðr frá brjósti, svát gerðu eik¹ gekk heldr til keik . . . ok aum í vömb; varð heldr til þömb.²

1. *gerða*, skyrta; *gerðu eik*, kvenkenning. — 2. *þömb*, kviðmikil, sbr. „að standa á þambi.“

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

28 (Björn Hítðælakappi). Sveinn kom í ljós; drós hafði sagt auðar gildi,¹ at (hon) vildi ala; sá hundbíttr² þótti henni,³ þars lá, jafasnjallr sem geit, es (hon) leit (honum) í augu.

1. *auðargildir*, mannkenning. — 2. *hundbíttr*, sá sem bíttr eins og hundr, fer aftan að; hugleysingi. — 3. *henni* er líklegt að eigi að vera *honum*, og að hér sé átt við föðurinn.

Að öðru leyti þarf vísan ekki skýringar við.

29 (Björn Hítðælakappi). Þessi vísa er einnig í Eyrbyggju (40. kap.), og þar er Björn Breiðvíkinga kappi

látinn vera höfundr hennar. Visan er hér nokkuð öðru vís, og verður því að skýra hana hér.

Ek leit hvar víka dökkmara runnr¹, ægilegr í augum, rann hjá gunnar runni.² Marnar vita þrængvar³ segja hlunns rasta hesta hleypi þat barn þeygi kunna sinn föður.

1. víka dökkmar, skip; skipa runnr, mannkenning. — 2. gunnr, orrusta; gunnar runnr, mannkenning. — 3. Mörn fljót; Marnar viti, gull; gulls þrængvar, menn. — 4. hlunnsröst, sjór; hlunnsrasta hestr, skip; skips hleypir, mannkenning.

Eg sá hvar maðr gekk hjá manni, ægilegr í augum, líkr mér. Menn segja það barn eigi þekkja föður sinn.

30 (Björn Hítðælakappl). Dreymdumk, nú draum, skarar landa Nið-brands-Nauma¹. Eggjar yggr² mun enn koma að bragsmiðar kenni:³ Báðar hendr væri í blóði (ok) Mæringr⁴ of kendr mér (væri) roðinn í mundum. Braut kaldhamars nauta.⁵

1. skarar land, höfuð; Nið-brandar gull; höfuðgulls Nauma, kvenkenning. — 2. eggjar yggr (ekki Yggr). Ótti eggjar, bardagi; — 3. bragsmiðar kennir, skáld. — 4. Mæringr, sverð Bjarnar. — 5. Kaldhamars nautar eru líklega vopn.

Mig dreymdi nú draum, kona. Ófriðr mun enn koma að höndum mér; (mig dreymdi að) báðar hendur væru í blóði, og að Mæringr væri blóði roðinn í höndum mér. „Kaldhamars nauta braut.“

31 (Þórðr Kolbeinsson). Bráðr Björn tekur brátt við illu ráði, es mornar; glópr es vanr at grína¹ grönnum við hverju hrópi; ok hvímeiðr h v ík mála hælir² með breið-

an stjöl,² frýðr² at sannri⁴ svinnu, siti hann vesalstr manna!

1. grína, tg. dr. J. D., skæla kjaftinn. — 2. hvikmál, ósannindi, þvaðr; hvikmála hælir, ósannindamaðr, þvaðrari. — 2. stjöl, lendar. — 3. frýðr tg. dr. J. D. fyrir fríðr — 4. sannri tg. dr. J. D. f. sanni.

Með þessum leiðréttingum verðr vísan þannig, og mun hún þá að líkindum vera eins og hún var upphaflega:

Björn tekur brátt, es mornar,
bráðr við illu ráði;
grönum es vanr at grína
glópr við hverju hrópi;
ok hvikmála hælir,
hvímleiðr með stjöl breiðan,
sannri frýðr at svinnu,
siti hann vesalstr manna!

Björn hinn bráði mun þegar á morgun hafa ill ráð með höndum. Hann er vanr að skæla kjaftinn nær sem hann heyrir hrópyrði; og þessi hvímleiði þvaðrari, með breiðu lendarnar, sem menn frýja sannra hygginda, siti vesalstr manna!

32 (Björn Hítðælakappi). Þóðr, þræta, at þú sér betri; ek vilda¹ enga skuld á okkr(!) þú eljun-latr skratti gatz alls enga snilli. Vart höfum vér orta verri vísu enn ek orta um þik, „ísbjóðr sekr glæps.“ Ek vinn inna Haars bjór.

1. vilda getr dr. J. D. til að eigi að vera dulkak.

Vísa þessi er svo aflöguð, að ekki er auðvelt að fá úr henni samstæða hugsun.

33 (Þórðr Kolbeinsson). Ek bið öllungis allar rammar randóps vættir¹, þærs hlýrn² skópu, eða fleiri at-

geirs goð³, at blóðugr, bráðrauðr örn standi of Birni höfuðlausum, enn ek valda styrbendi⁴ stálgaldrs⁵. Ek skil rétt.

1. *randóp*, bardagi. — 2. *hlýrn*, dagr og nótt. — 3. hergoð. — 4. *styrbendir*, mannkenning. — 5. *stálgaldr*, bardagi.

Eg bið allar rammar bardaga vættir, þær er skópu dag og nótt, og fleiri hergoð, að blóðugr örn standi yfir Birni höfuðlausum, enn ek valdi þeim ófriði. Það er rétt sem ek segi.

34. (Björn Hítðælakappi). Undr es, ef framvisar dísir benda mér eigi, þvít hjálmfaldin armleggjar orma Ilmr dagbæjar hilmis¹ býðr skaldi heim ór hverjum draumi. Drengr vakir oft at lengrum. Ek hef fregna ógn fyrða.

1. *dagbær*, himinn; *dag-bæjar hilmir*, guð, Alfaðir? hjálmfaldin *armleggjar orma Ilmr dagbæjar hilmis*, valkyrja.

Furða er, ef framvisar dísir eru eigi að benda mér, því að valkyrja býðr mér heim í hverjum draumi. Eg vaki oft lengi (er oft andvaka). Eg hef frótt um illan hug (ógnir) fjandmanna minna.

35. (Björn Hítðælakappi). Ek geng út með lítit lið. Ek sé lítt við víti hers. Mitt sverð ok enn hvíti skjöldr fylgir menmyrði¹. Enn hjalts vöndr² skal hrökkva ór hendi fyrr enn ek stökkva of Mýrar fyrir einum Ægis dýrs runni³.

1. *menmyrðir*, mens eyðir, karlkenning. — 2. *hjaltsvöndr*, sverð. — 3. *Ægis dýr*, skip; skips *runnr*, mannkenning.

Eg geng út með lítið lið og býst lítið við atför óvina minna; sverð mitt fylgir (öðrum) manni og hvíti skjöld-

urinn. Enn fyr skal sverðið stökkva ór hendi mér, enn ek hrökkva um Mýrar fyr einum ægis dýrs runni.

36 (Björn Hítðælakappi). Vápn-Eirar vörðr¹, vér erum tveir, enn várum vel fleiri at skólkinnis² jólum — skald var oft und skildi —; enn hraustgeði kom á hausti vestan með drengja lið. Seggja sveit snarfengs hoddlestis³ vara lítil.

1. *Eir* valkyrja; valkyrju *vörðr* mannkenning. — 2. *skólkinni* er að líkindum aflagað orð, og óvíst hvað það er, nema það setti að vera úlfr, „skólkinni“, Sn. E., og *skólkinnis jól* þá sama sem fagnaðr úlfsins, bardagi. — 3. *hoddlestir*, mannkenning.

Vér erum tveir, enn vórum oft fleiri í bardaga; eg hefi oft borið skjöld. Hinn hrausti maðr kom að vestan með flokk mauna; lið hans var eigi lítið.

37 (Þórðr Kolbeinsson). Eggjar bitu þann segg, hinns snarr at snerru fyr sunnan heiðr frýði mér hugprýði. Lóskat¹, at ek mynda verða hans bani. Hlutum rán af meins beini. Sverð beit² þann morðvandan³ fyr sanna sök.

1. *lóskat*, það laugst eigi; það brást eigi. — 2. *beit*, f. bitu, tg. dr. J. D. — 3. *morðvandr*, sá sem ilt er að vinna á.

Sverðið beit þann mann, sem var vaskr bardagamaðr, enn brá mér um hugleysi fyrir sunnan heiði. Það brást ekki, að eg yrði honum að bana. Vér hlutum rán af þessum meinsama manni. Þessi maðr, sem illr var viðr-eignar, er fallinn fyrir sanna sök.

38 (Þórðr Kolbeinsson). Hvert stefnir ér hart, hrafnar, með flokk enn svarta? Farið leita ljóts¹ matar landnorðr frá Klifsandi. Þar liggur Björn, enn Birni stóðu

blóðgögl² of skör; þöllr hjálms hné á Hvítings hjalla, ofar litlu.

1. *ljóts*, leiðr. dr. J. Þ., sem telja má alveg víst, að rétt sé; hendingarnar: *ljóts'*—*leita*. — 2. *blóðgögl*, hrafnar. — 3. *hjalms þollr*, karlkenning.

Hvert stefnið þér svo hart, hrafnar, með hinn svarta flokk? Farið að leita að ljótum mat (hræi) langt norðr af Klifsandi. Þar liggur Björn; enn hrafnar stóðu á höfði honum; kappinn fell á Hvítings hjalla, litlu ofar.

29 (Þórör Kolbeinsson). Móðr verðk leiða mitt hross margan dag und fjargvefjar Fríði¹, því dökkvar skins Hlökk² undi sér hvergi fyrir verkjum. Þat vas mikið stríð hjörborgar merki-Móða. Sjúkrar fór verðra mjúk. Reid esa fljót.

1. *fjargvefr*, silki; *fjargvefjar Fríðr*, kona. — 2. *dökkvar skin gull*; *dökkvar skins Hlökk*, kvenkenning. — 3. *hjörborg* (tg. útg. fyrir 'borgar'), skjöldr; *hjörborgar-merki Móði*, mankenning.

Eg varð margan dag að leiða hross mitt undir konunni; því hún undi sér hvergi fyrir verkjum. Það var mér mikil raun. Ferðin er óþýð fyrir hina sjúku (konu), og ekki fljót.

Nöfn.

Akranes 24.

Arngeirr Bersason 1, 25, 27,
46, 73, 84, 86, 87, 91.

Arnóra móðir Þórðar 51.

Arnórr þvari 41, 43—45.

Arnórr Þórðarson jarlaskáld
56.

Ásgrímr Arngeirsson 86—
88, 90, 91.

Auðun baksíkiki 14, 17, 19
—21.

Austrlönd 10.

Bárðaströnd 91.

Beinir flugumaður 57.

**Beruhraun = Beruvíkr-
hraun.**

**Beruvíkrhraun í Snæfelle-
nessýslu** 43, 45.

**Björn Hitdælakappi Arn-
geirsson** 1, 88, 90, 91.

Borðeyrir í Strandasýslu 24.

**Borg, bær í Mýrasýslu, nú
prestsetr** 1, 3.

**Breiðabólstaðr, bær á Skóg-
arströnd, nú prestssetr** 62.

Brenneyjar í Noregi 16, 31,
72.

Dálkr, frændi Kálfs illvita
48, 53, 61, 69, 73—75,
80, 81, 83, 87, 90.

Danmörk 5, 14—16, 18.

Dufgusdalr í Hnappadalssýslu 2.

Dufguss enn auði 2.

**Dunkaðarstaðir, nú Dunkr,
bær í Dalasýslu** 62.

Eiðr á Hurðarbaki 16, 47,
74, 80.

Eiðssynir 6, 21, 47, 74, 80.

Eiríkr jarl Hákonarson 4
—7.

Eiríkr í Grjótárdal 55.

England 13.

Eyrar = Eyrarbakki 40,
41.

**Eyvindr, víkverskr maðr,
frændi Þórðar Kolbeins-
sonar** 40.

**Fagraskógr, bær (og skógr)
í Hnappadalssýslu (nú
syðri og ytri Skógar)** 56.

Garðaríki = Rússland, 9,
10, 12.

- Garðar bær (síðar prestssetr) á Akranesi 24.
- Grásteinn enn mikli, örnefni í Hnappadalssýslu 79, 80.
- Grettir (Ásmundarson) 46.
- Grettisbæli í Fagraskógarfjalli 46.
- Grimr húskarl 82.
- Grjótárdalur í Mýrasýslu (nú í eyði) 55.
- Guðrún Ósvífrsdóttir 1.
- Gufaróss & Mýrum 2, 9.
- Hafr á Hafsstöðum 62.
- Hafsstaðir, bær í Hnappadalssýslu 62.
- Hákon jarl Eiríksson 15.
- Hamarseyrr í Noregi, 13.
- Hellisdalr, afdalr í Hnappadalssýslu 63, 79.
- Hellisdalsheiðr í Hnappadalssýslu 62.
- Hítará 28, 55, 61, 78.
- Hítardalr, bær og dalr í Mýrasýslu 25, 74, 75.
- Hítardalsheiðr 47, 71.
- Hítarnes, bær (núprestsetr) í Mýrasýslu 1, 14, 27, 38, 39, 47, 55, 57, 69, 71, 73, 84, 91.
- Hjörsey fyrir Mýrum 2, 3.
- Hólmr, bær í Mýrasýslu 25, 27, 46, 48, 55, 58, 64, 71, 74, 76, 79, 83, 86.
- Hólmsfjall í Hítardal 64.
- Hólmsland í Hítardal 75.
- Hornstrandir 57.
- Hraun (undir Hrauni) = Staðarhraun) bær í Mýras., nú prestssetr 69.
- Hraundalr, bær í Mýras. 46, 54.
- Hrói hinn auðgi 5, 15.
- Hróiskelda 5.
- Hrútafjörðr 24.
- Hurðarbak, bær í Dalasýslu 47, 74.
- Húsafell, bær í Borgarfjarðsýslu 48, 64, 66—68, 75, 84.
- Hvítá (í Borgarfirði) 12.
- Hvítingshjallar (Hvítingshjalli) örnefni í Mýrasýslu 75.
- Högni flugumaðr 51.
- Ísland 1, 5, 7, 9, 13, 14, 18, 21, 23, 24.
- Kaldimarr kappi 10, 11.
- Kálfr illviti 16, 17, 21, 34, 36, 46, 49, 50, 62, 73, 74, 79—84, 90.
- Knútr enn ríki Engla konungr 13.
- Klifсандr, örnefni í Hnappadalssýslu 79, 83.
- Klifsdalr, örnefni í Hnappadalss. 63, 79.
- Klifsjörvi, örnefni í Hnappadalss. 50, 79.
- Knappadalr í Hnappadalss. 62.

- Knappafellsheiðr í Hnappadals.** 62.
Knarrarnes, bær á Mýrum 60.
Kolbeinn heimamaðr Bjarnar 58.
Kolbeinn Þórðarson 61.
Kolli Þórðarson 58, 54, 75, 80, 82.
Langavatnsdalr milli Mýra- og Dalas. 73.
Ljárskógar, bær í Dalas. 61, 86.
Mýramenn 88, 91.
Mýrar (í Mýrasýslu) 2, 78.
Nes (rangt: Nesjar) í Noregi 15.
Noregr 4, 5, 13.
Oddaeyrr (rétt: Oddeyrr) í Noregi 16, 31.
Oddný eykyndill Þorkeldsdóttir 2, 3, 7—9, 12—14, 18, 21, 24, 27—30, 32—36, 84, 85.
Oláfr konungr Haraldsson enn helgi í Noregi 1, 15, 18—24, 72, 78.
Orkneyjar 19.
Óttarr, víkverskr maðr, frændi Þórðar Kolbeinssonar 40.
Rangárvellir 86, 91.
Rúnólfr Dálksson 46.
Sauðungssund í Noregi 15.
Saxahváll, bær í Snæfells-sýslu 41, 42.
Selárdalr, bær í Dalasýslu 47.
Sigmundr, húskarl Bjarnar 64, 76.
Skúli Þorsteinsson at Borg 1—5, 18.
Snæfellenes 41.
Sólundir í Noregi 32.
Steinólfr Þorleifsson 54, 55.
Steinn Guðbrandsson 60.
Straumfjörðr 5.
Strönd = Skógarströnd 41.
Sveinn Hákonarson 15.
Svíþjóð 14.
Sæunn skalla-Grímsdóttir 1.
Tómás, postoli 46.
Valdimarr konungr í Garðaríki 9—12.
Vatnsfjörðr 62.
Vermundr í Vatnsfirði 62.
Vellir, bær í Hnappadals. 37, 46, 50, 74, 75, 84, 85.
Vik í Noregi 18.
Þórarinsdalr, bær í Mýrasýslu 68, 74, 76.
Þórarinsdalsá 74.
Þórrarr víðförli 16.
Þorbjörg vinkona Bjarnar 59.
Þorbjörn 60.
Þórdís Þorfinnsdóttir, móðir Bjarnar 1, 26, 58, 84.
Þórdís, kona Bjarnar 56, 58, 61, 64, 76, 83, 91.


- Dórdr Kolbeinsson** 1, 2, 5
 —9, 12—43, 45—62, 68
 —76, 81—91.
- Dórdr Eiðsson** 16, 47, 74,
 75, 80, 87.
- Dorfinna Vermundardóttir**
 61—67, 72.
- Dorfinnr strangi** 1.
- Dorfinnr Dvarason** 41, 73,
 77, 78, 81, 87.
- Dorgeirr húskarl Bjarnar**
 38.
- Dorgeirr Steinsson** 62.
- Dórhalla Guðbrandsdóttir**
 54.
- Dórhildr föðursystir Bjarnar**
 41, 43.
- Dorkell Dálksson** 50—52.
- Dorkell Dufgusson** 2. 3, 4.
- Dorkell Eyjólfsson** 1, 15, 29,
 88—90.
- Dorsteinn Kálfsson** 47—50,
 87.
- Dorsteinn Kuggason** 61—
 72, 75, 76, 86—91.
- Dorvaldr Eiðsson** 16, 47,
 74, 75, 80, 87,
- Özurr á Dunkaðarstöðum** 62.
-

Misprentanir og leiðréttingar.

Misprentanir eru í þessari sögu með mesta móti.

Bls. 9₄ talað les: talat. Bls. 9₅ trúað les: trúat. Bls. 10₂₀ Valdimarr les: Valdimar. Bls. 10₂₆ Valdimar les: Valdimarr. Bls. 12₂₃ andlega falli burt. Bls. 12₂₅ ausið les: ausit. Bls. 12₂₆ lýgi les: lygi. Bls. 16₃ Eiríks les: Eids. Bls. 16₃₅ Þóarr les: Þórrarr. Bls. 23₄ Þorgils les: Þorkels. Bls. 28₂₅ esa les: era. Bls. 30₁₃ launkrarr les: launkarr; í sömu línu sésk les: sezsk. Bls. 32₁₀ „far or neypurá“ er þannig í helzta handritinu og óskiljandi, enn í öðru handriti stendur: þar ósveipr á, og: sundrþykki hefir útg. H. Kr. Fr. Bls. 46₁ vantar tölu (24) við vísuna. Bls. 60₂₁ vantar tölu (30) við vísuna. Bls. 60₂₃ Yggr les: yggr. Bls. 60₁₄ bragðsmíðar les: bragsmíðar. Bls. 78₁ hánum les: honum. Bls. 78₂₆ vasa les: vara.





„Hva á jeg að lesa?“

Íslendingasögur, Noregskonungasögur, Fornaldarsögur, Sæmundareddu og fornritin yfir höfuð vildi jeg þó fyrst benda á, ef einhverjum kynni að þykja þau of gömul, eða halda að þau sje aðeins fyrir fornfræðinga og vísindamenn. Eldra fólkinu þarf ekki að benda á þau, en jeg hef sjeð í blöðum að þau sje nú minna lesin en áður var á bæum.“

„Jeg bendi ekki á þessar bækur af því þær eru sjerstaklega íslenskar og hverjum Íslendingi skylt að þekkja þær, því síður af því að þær eru gamlar, heldur af hinu, að jeg hef ekki lesið skáldsögur eftir neinu útlendan meistara sem taki fram Njálu, Grettlu, Heimskringlu víða, og Ótölulegum köflum um allar Fornmannasögurnar og Fornaldarsögurnar, og tæplega neitt sem komist til jafns við þær. Svörin og hugsunin eru víða svo djúp og skörp eins og þar sem Shakspeare, Ibsen og aðrir meistara láta persónur sínar sjá og svara allra hvassast, og svo afmiklar eru þær, sem fólkið nú kallar „spennandi“ (spændende), að jeg hef marggrátið yfir þeim og á enn ördugt með að lesa suma kafla hátt.“ — — —

Sigurður Kristjánsson er nú búinn að gefa út flestar Ísl.sögur nema Grettlu. Útgáfa hans er mjög ódýr og þó svo vönduð að vel nægir, og á þær vildi jeg benda sem fullan jafnoka bestu sagna útlendra. Spyrji menn hvern mentaðan Íslending og útlending, sem lesið hefur hvorttveggja, hann mun segja eins og jeg“.

(Bjarki III, 40.)



